

Keilir

ÁRSSKÝRSLA 2019



Úr leiðsögunámi í
ævintýraferðamennsku
haustið 2020



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs



1

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Starfsárið 2019 - 2020 hefur um margt verið viðburðaríkt. Breyting varð á skipan stjórnar á aðalfundi 2019 þegar Sigurbjörg Róbertsdóttir tók sæti í stjórninni f.h. Kadeco, Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Verulegar breytingar urðu hins vegar á stjórnendateymi Keilis á árinu.

Jóhann Friðrik Friðriksson tók við starfi framkvæmdastjóra, Magnús Jóhannesson tók við starfi fjármálastjóra og Björn Ingi Knútsson við starfi forstöðumanns sameinaðs Keilis Aviation Academy og Flugskóla Íslands. Fleiri breytingar urðu í starfsliðinu sem ekki verða raktar hér.

Mikill tími hefur farið í að endurskipuleggja og tryggja fjárhagslegan grundvöll flugsins.

Mikilvægt verkefni næsta starfsárs verður að yfirfara eignarhald og bakland Keilis.

Stjórn Keilis fundaði mánaðarlega að venju enda að mörgu að hyggja. Í kjölfar falls WOWair dróst eftirspurn eftir flugnámi verulega saman og mikilvægt að bregðast við þeirri stöðu. Í öðrum námsleiðum, eins og t.d. Háskólabrú, jókst hins vegar eftirspurn og hafa nemendur aldrei verið fleiri en á vorönn 2020.

Keilir hélt áfram að þróast og breytast á árinu. Annars vegar litu nýjar námsleiðir dagsins ljós og hins vegar náðist ekki lágmarkspáttaka í önnur námskeið eins og gengur. Nám í tölvuleikjagerð hófst á vegum Menntaskólans á Ásbrú sem og undirbúningsnám fyrir fólk sem hyggst þreyta inntökupróf Læknadeildar Háskóla Íslands fyrir læknisfræði og sjúkraþjálfunarfræði.

Með minnkandi eftirspurn eftir flugnámi hefur veikleiki í fjármögnun skólans komið vel í ljós. Mikill tími hefur farið í að endurskipuleggja og tryggja fjárhagslegan grundvöll flugskólans og er þeirri vinnu ekki lokið. Ef það tekst er framtíðin hins vegar björt og hlutverk Keilis sjaldan verið mikilvægara en einmitt nú.

Ljóst er að fyrir marga af minni hluthöfum og stofnaðilum skólans, sem lögðu til fé og vinnu í upphafi gegn hlutdeild í félaginu, hafa áherslur og stefna breyst og ekki hægt að sækja aukið hlutafé til þeirra. Einhverjir í þessum hópi hafa hætt starfsemi og því nauðsynlegt að yfirfara eignarhald og bakland skólans. Það verður eitt af mikilvægari verkefnum næsta starfsárs.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki í stjórn fyrir gott og gefandi samstarf. Ég vil einnig þakka stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki fyrir þeirra framlag og að endingu nemendum fyrir að treysta Keili fyrir menntun sinni. Árangur þeirra og umsagnir um skólann og starfólkið segir allt sem segja þarf.



**Kjartan Már
Kjartansson**
*formaður stjórnar og
bæjarstjóri
Reykjanesbæjar*



2

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Þegar þetta er skrifað geysar farsótt um gjörvalla heimsbyggðina og fordæmalausar aðstæður blasa við í samfélagi manna. Verulega hefur reynt á starfsemi menntastofnanna hér á landi og hefur starfsfólk Keilis samstæðunnar svarað kallinu af ábyrgð. Nú raungerist sem aldrei fyrr mikilvægi þeirra nýjunga sem Keilir hefur boðið uppá og var skólinn því gríðarlega vel undirbúinn undir breytta starfsemi í kjölfar farsóttarinnar.

Kennsluhættir Keilis s.s. vendinám, fjarnám og aðlögunarhæfni starfseminnar kristallast í skjótum og fumlusum viðbrögðum við breyttu ástandi og sýna um leið getu okkar til þess að mæta áskorunum framtíðarinnar. Það er mín trú að faraldurinn muni einmitt breyta sýn okkar á fjölmarga þætti samfélagsins, ekki síst hvað varðar nám og mun hraða þeim breytingum sem fjórða iðnbyltingin hefur í för með sér. Á sviði menntunar mun Keilir því áfram leiða framfarir í skólastarfi hér á landi og mæta þörfum atvinnulífs og samfélags.

*Samrunaferli
Flugakademíu Keilis og
Flugskóla Íslands hefur
tekið sinn tíma.*

*Frábærlega hefur gengið
á upphafsári náms í
tölvuleikjagerð.*

*Ásókn í nám hjá Keili
hefur aldrei verið meiri.*

*Mikil vinna hefur verið
lögð í að tryggja
fjárhagslega
endurskipulagningu.*



**Jóhann Friðrik
Friðriksson**
framkvæmdastjóri Keilis

Frá því að ég tók við sem framkvæmdastjóri Keilis á sumarmánuðum 2019 hafa breytingar verið miklar. Eftir kaup Keilis á Flugskóla Íslands og samruna í stærsta flugskóla landsins undir heitinu Keilir Flugskóli Íslands tók við samrunaferli. Sú vegferð hefur ekki verið þrautlaus og ekki bætti fall WOW air og stöðvun MAX flugvélaflotans úr skák. Verulega dró úr ásókn í flugnám með tilheyrandi afleiðingum og þau samlegðaráhrif sem vænst var til við kaupin raungerðust því ekki. Vonir stóðu til að með sameinuðum flugskóla gæfist verulegt tækifæri til markaðssóknar en litlar vonir standa til að sú vegferð skili árangri í ljósi aðstæðna. Leitað verður því allra leiða til þess að tryggja faglega starfsemi flugskólans í gegnum þann öldudal sem nú blasir við enda allar forsendur fyrir því að samgöngur aukist og flugvélar hefji sig til flugs þegar áhrif farsóttar minnka og fólk fer að ferðast á ný.

Á haustmánuðum 2019 hóf Menntaskólinn á Ásbrú göngu sína hjá Keili með framhaldsskólabraut í tölvuleikjagerð. Óhætt er að segja að frábærlega hafi gengið að koma náminu af stað og var ásókn mikil. Fjölgun íbúa á Suðurnesjum hefur kallað á fleiri tækifæri til náms og er framhaldsskólinn þar ekki undanskilinn. Tveir framhaldsskólar hafa verið starfræktir um langt skeið á Akureyri og tel ég allar forsendur fyrir því að Menntaskólinn á Ásbrú festi sig í sessi á næstu árum þar sem áhersla er lögð á nýjar námsbrautir sem laða að nemendum af öllu landinu.

Ásókn í nám á vegum Keilis hefur aldrei verið meiri og fjöldi nemenda vaxið mikið. Námsframboð er mjög fjölbreytt og er því vel gert skil í þessari ársskýrslu. Keilir er miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs og eflist við hverja raun. Mikil vinna hefur verið lögð í að tryggja fjárhagslega endurskipulagningu skólans á starfsárinu og sér nú fyrir endann á þeirri vegferð. Mikilvægi Keilis fyrir menntun á Suðurnesjum og á landinu öllu ætti nú að vera orðin öllum ljós. Skólinn þarf traustan fjárhagslegan grunn til þess að takast á við breytta tíma og burði til þess að opna dyr sínar í haust fyrir stórum fjölda nemenda sem sækist eftir menntun á tímum samdráttar í efnahagslífinu.

Markmið Keilis er að veita fyrsta flokks menntun og efla trú nemenda á eigin getu og færni í lífinu. Það er gefandi starf og mikilvægt. Ég vil þakka öllu samstarfsfólki mínu fyrir að skapa skemmtilegasta vinnustað sem ég hef unnið á. Keilisandinn er veigamikill þáttur í allri starfsemi okkar og framlag starfsmanna verður seint fullþakkað. Keilir er framtíðin.

*Jóhann Friðrik Friðriksson,
Framkvæmdastjóri Keilis*



3

HÁSKÓLABRÚ


Háskólabrú Keilis hefur frá árinu 2007 boðið upp á aðfaranám sem undirbýr nemendur markvisst undir háskólanám. Keilir er í samstarfi við Háskóla Íslands varðandi skipulagningu námsins. Að lokinni Háskólabrú geta nemendur sótt um háskóla hérlendis og erlendis en flestir sækja nám við Háskóla Íslands. Háskólabrú er bæði kennd í staðnámi og fjarnámi í fullu námi sem er skipulagt til eins árs. Þá er einnig hægt að stunda námið á hálfum hraða í fjarnámi og er þá skipulagt til tveggja ára og hugsað fyrir nemendur sem

stunda vinnu samhliða náminu. Boðið hefur verið upp á að hefja staðnám að hausti en hægt er að hefja fjarnám bæði að vori og hausti.

Starfsmenn Háskólabrúar árið 2019 voru 16 talsins. Berglind Kristjánsdóttir er forstöðukona og Margrét Hanna verkefnastjóri. Þá starfa 14 kennarar á Háskólabrú ýmist í föstu starfi eða sem verktakar í stökum fögum.

Kynjahlutfall á Háskólabrú er sambærilegt og síðustu ár, og eru konur enn í meirihluta eða 62% nemenda.

Um fjórðungur nemenda kemur af Suðurnesjum.



- Höfuðborgin
- Suðurnes
- Önnur svæði

Sífelld fleiri sem sækja um fjarnám og voru samtals 256 nemendur skráðir í fjarnám Háskólabrúar í lok ársins 2019.

Inntökuskilyrði á Háskólabrú eru 70 einingar (117 framhaldsskólaeiningar) og þar af þurfa umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti sex einingum (10 framhaldsskólaeiningum) í stærðfræði, íslensku og ensku. Í upphafi náms eru tekin inntökuviðtöl við umsækjendur sem er mikilvægur liður í gæðastarfi skólans. Viðtölin eru persónuleg og fagleg og megintilgangur þeirra er að nemendur séu vel upplýstir áður en að námið hefst.

Aðsókn í staðnám og fjarnám- samkeyrsla

Haust 2019 hófu 30 nemendur staðnám á Ásbrú og dró úr aðsókn frá árinu áður sem hefur verið þróunin síðustu ár. Aðsókn í fjarnám var svipuð og árið áður en tæplega 200 nemendur hófu fjarnám árið 2019. Vor 2019 hófu 80 nemendur nám og þar af ríflega þriðjungur nemenda í fjarnámi með vinnu eða 29 nemendur. Haust 2019 hófu 112 nemendur nám í fjarnámi og 25% af þeim eða 28 nemendur skráðu sig í fjarnámi með vinnu.

Vor 2019 var tekin ákvörðun að samkeyra staðnám og fjarnám í öllum lotum um haustið. Ástæðurnar voru nokkrar og þar á meðal minnkandi aðsókn í staðnám. Þá sáum við möguleika á því að bjóða upp á betri þjónustu við fjarnemendur og þeir gætu mætt á staðinn þegar það hentaði þeim. Jafnframt gæti þessi breyting aukið möguleika staðnema að eiga frekari samskipti við nemendur skráða í sömu deild í fjarnámi og jafnvel eiga möguleika á samvinnu við þá nemendur. Stutt er síðan breytingin átti sér stað og er því ekki tímabært að segja til um hvort ákvörðunin sé að skila sér í betri þjónustu til nemenda en vissulega hafa komið upp kostir og gallar sem ekki verður farið nánar í að þessu sinni.

Meðalaldur, kynjahlutfall og búseta nemendahópsins

Meðalaldur nemendahópsins í staðnámi árið 2019 var 28 ár en í fjarnámi 30 ár. Um 24% nemendahópsins er með búsetu á Suðurnesjum en stærsti hluti hópsins kemur frá höfuðborgarsvæðinu eða um 57% í heildina. Þá er alltaf hluti hópsins sem stundar námið erlendis frá en það er misjafnt á milli anna. Kynjahlutfall á Háskólabrú er svipað og árið áður en konur eru um 62% nemenda en karlar eru 38% nemendahópsins.

Fjarnám í stöðugri sókn

Líkt og minnst hefur verið á eru sífelld fleiri sem sækja um fjarnám á Háskólabrú. Þá eykst nemendafjöldinn sem sækir um fjarnám með vinnu ár hvert enda ákjósanlegur kostur fyrir fullorðna námsmenn sem vilja mennta sig samhliða vinnu. Heildarfjöldi nemenda skráðir í fjarnám Háskólabrúar árið 2019 voru 277 og ýmist voru þeir skráðir í fullt nám, hálf nám eða staka áfanga, allt eftir hvað hentaði nemandanum.

Fjarnám Háskólabrúar er þess eðlis að nemendur geta stundað námið óháð landfræðilegri staðsetningu enda er möguleiki á prófstöðvum víðsvegar um heiminn og því hægt að stunda fjarnámið nánast hvar sem er í heiminum. Fyrirkomulag námsins er uppbyggt þannig að nemandi getur hvar og hvenær sem er undirbúið sig fyrir námsmat sem framundan er og fengið leiðbeiningar um hvert þeir geta leitað til að skila lokanámsmati sínu. Í sumum tilfellum er lokanámsmat munnlegt svo að allt sem þarf er nettenging og búnaður sem

Árið 2019 voru ríflega 60 nemendur á Háskólabrú sem voru búsettir utan suð-vestur hornsins eða utan Íslands.

Árið 2019 unnu kennarar áfram að endurnýjun á kennslumyndböndum með bestu tækni sem völ er á en Keilir hefur fullbúið upptökuherbergi sem tryggir enn betri gæði.

Reglulegar kannanir tengdar gæðastarfi Keilis benda til að kennarar á Háskólabrú séu faglegir, hjálpsamir og veiti góða þjónustu.

hentar fyrir munnlegt samtal. Kennarinn og nemandinn finna þá í sameiningu stað og stund til að ljúka við námsmátið.

Árið 2019 voru ríflega 60 nemendur á Háskólabrú sem voru búsettir víðsvegar um Ísland eða utan Íslands og tóku lokanámsmat utan Keilis. Má þar nefna lönd eins og Bandaríkin, Bretland Danmörk, Noreg, Slóvakíu, Spánn, Sviss og Svíþjóð. Okkur þykir afar mikilvægt að geta boðið upp á þennan möguleika fyrir nemendur og leggjum mikið upp úr því að þjónusta nemandann eins og best er á kosið.

Þróun kennsluáferða og mikilvægi persónulegrar þjónustu

Kennslan á Háskólabrú er í stöðugri þróun og unnið að því á hverju ári að bæta námið og fyrirkomulagið. Við höfum tileinkað okkur nýjustu tækni sem völ er á í rafrænni kennslu og þannig leitast við að gera fjarnámskennslu síður fjarlægga og eru kennarar og nemendur í miklum samskiptum á meðan áföngum stendur í gegnum hin ýmsu samskiptaforrit. Árið 2019 unnu kennarar áfram að endurnýjun á kennslumyndböndum með bestu tækni sem völ er á en Keilir hefur fullbúið upptökuherbergi sem tryggir enn betri gæði. Þá hefur nýtt upptökuforrit „Panopto“ komið í gagnið sem er einfalt og þægilegt í notkun en á sama tíma heldur góðum mynd- og hljóðgæðum.

Þegar aðsókn í fjarnám er eins mikil og raun ber vitni þá er mikilvægt að vera á tánum hvað varðar tækni og þróun í kennsluháttum. Mikilvægt er þá að draga ekki úr persónulegri nálgun og skapa umhverfi sem er einfalt fyrir nemendur til að eiga samskipti en er jafnframt öruggt. Hausti 2019 tókum við í gagnið Microsoft Teams sem er hluti af Office 365. Þar eiga kennarar og nemendur samskipti sín á milli á meðan námskeiðunum standa en einnig er notast við tölvupóstinn og námsvefinn Moodle. Með forritinu Teams er mögulegt að hafa fjarfundi og einnig taka upp fyrirlestra á staðnum. Þá er forritið einnig kjörið verkfæri fyrir nemendur hvað varðar samskipti við samnemendur sína og þá ekki síst tengt hópavinnu. Þá er einnig hægt að nýta forritið sem verkstjórnunartæki. Í þessu ferli tók tölvudeildin og allir kennarar Háskólabrúar þátt en Teams er einfalt í notkun svo það tók ekki langan tíma að venjast. Við teljum að fyrir nemendur eru samskipti við kennara og aðra nemendur grundvallaratriði til að skapa lærdómsumhverfi eins og best er á kosið. Microsoft Teams er gott verkfæri til að skapa slíkt umhverfi.

Fagmennska kennara

Reglulegar kannanir tengdar gæðastarfi Keilis benda til að kennarar á Háskólabrú séu faglegir, hjálpsamir og veiti góða þjónustu. Í raun má segja að á Háskólabrú séu kennarar sem eru framúrskarandi í faglegum vinnubrögðum enda metnaðarfullur kennarahópur sem er umhugað um nemendur sína og þeirra námsgengi bæði hjá okkur og í áframhaldandi námi. Umsagnir nemenda eru á þann veg að nemendum finnst þeir skipta máli og að kennurum sé umhugað um að þeim vegni vel í náminu og séu ávallt boðnir og búnir til að aðstoða. Þá eru þeir ánægðir með skipulag kennarana og allt efni sé skýrt og aðgengilegt. Frábærar niðurstöður fyrir okkur en við höldum samt áfram að gera enn betur og þróa okkar nám enda er það órjúfanlegur þáttur í skólaumhverfi. Þróun í takt við nútímann með tillit til framtíðar og tengsl við atvinnulíf er ávallt í huga starfsmanna Háskólabrúar.

Gildi Háskólabrúar fyrir fullorðna námsmenn

Nemendur eru ánægðir með námið í heild, hvort sem það eru kennsluhættir, námsmatsfyrirkomulag, starfsfólk eða fyrirkomulag námsins.

Niðurstöður könnunar um líðan og þjónustu skólans árið 2019 gáfu jákvæðar niðurstöður eins og hefur verið undanfarin ár. Nemendur eru ánægðir með námið í heild, hvort sem það eru kennsluhættir, námsmatsfyrirkomulag, starfsfólk eða fyrirkomulag námsins. Gríðarlega jákvæðar niðurstöður og hvetur starfsfólk áfram í að gera enn betur. Þá er ávallt tekið fram mikilvægi aðfaranáms með þessu sniði og nemendur ítreka með umsögnum að námið henti vel fullorðnum námsmönnum. Nemendur eru þakklátir fyrir þennan valmöguleika og tækifærið sem þeir fá á fullorðins árum þegar þeir eru tilbúnir og hafa kost á því að hefja aftur nám eftir hlé.



*Skólaárið 2019
útskrifuðust 153
nemendur af Háskólabrú
úr stað- og fjarnámi og
hafa því í árslok 2019
útskrifast 1.844 nemendur
frá upphafi Keilis.*

Haldið var áfram með verkefni um raunfærni mat til móts við áfanga Háskólabrúar fyrir opinbera starfsmenn.

Unnið var í því að draga úr hefðbundnum lokaprófum líkt og árið áður og einblínt á símat og lokaverkefni.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerðu samning vegna Menntastoða.



Berglind Kristjánsdóttir
forstöðumaður
Háskólabrúar

Námsmat

Árið 2019 fór fram endurskoðun á námsmati og leitað var eftir fjölbreyttum og áhugaverðum leiðum á því sviði. Áfram var unnið í að draga úr hefðbundnum lokaprófum líkt og árið áður og einblínt á símat og lokaverkefni. Helsta áherslan hefur verið að virkja nemendur sem best þá t.d. með því að þeir skrifi dagbókarfærslur, skili inn vikulegum verkefnum, taki reglulega stuttar kannanir o.s.frv. Þá hefur lokanámsmatið í sumum tilfellum færst úr skriflegu lokanámsmati yfir í munnlegt mat en þá hefur nemandinn val um hvernig hann skilar sinni niðurstöðu. Okkur þykir afar mikilvægt að námsmatsaðferðir séu fjölbreyttar og mæli ekki aðeins þekkingu heldur virkni, hæfni og færni nemanda í að leysa viðfangsefni. Starfsfólk Háskólabrúar er því sífellt að leita leiða til að gera námsmatið lýsandi fyrir virkni og hæfni nemenda ásamt því að kanna þekkingu á viðfangsefninu.

Samstarf

Í janúar 2009 gerðu Keilir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins samning um Menntastoðir sem er nám hugsað fyrir þá sem ekki uppfylla inntökuskilyrði Háskólabrúar. Í samstarfi við Keili vegna Menntastoða eru einnig Mímir-símenntunarmiðstöð í Reykjavík og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY). Góð aðsókn hefur verið í Menntastoðir frá upphafi og margir nemendur þeirra hafa útskrifast frá Háskólabrú eða stunda þar nám. Við tókum á móti fjölmörgum nemendum Menntastoða og kynntum þeim Háskólabrú á árinu 2019 enda er stór hluti þeirra sem sækir um nám á Háskólabrú. Þá hafa einnig aðrir hópar komið á kynningu eins og t.d. frá Hringsjá sem er náms- og starfsendurhæfingarmiðstöð og aðrir áhugasamir hópar.

Árið 2018 hóf Háskólabrú Keilis tilraunaverkefni og samstarf með fræðslusetrinu Starfsmennt. Eitt af meginmarkmiðum Keilis er að hækka menntunarstig einstaklinga í samfélaginu og því var verkefnið kjörið tækifæri fyrir Háskólabrú. Fræðslusjóður veitti styrk fyrir verkefnið og var raunfærnimatið unnið í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og var opið öllum en ekki eingöngu aðildarfélögum Starfsmenntar. Tilgangur verkefnisins var að bjóða opinberum starfsmönnum upp á raunfærnimat móts áföngum Háskólabrúar og þannig hvetja starfsmennina til að bæta við sína menntun. Kennarar Háskólabrúar tóku þátt í verkefninu og tóku á móti einstaklingum sem töldu sig eiga erindi í raunfærnimat í völdum áföngum. Samstarfið gekk afar vel og var lærdómsríkt fyrir alla aðila. Fyrsti hópurinn lauk raunfærnimati í janúar 2019. Þar sem verkefnið gekk vel var ákveðið að bjóða öðrum hópi upp á sama möguleika og hófst það ferli í september 2019.

Útskrift

Skólaárið 2019 útskrifuðust 153 nemendur af Háskólabrú úr stað- og fjarnámi og hafa því í árslok 2019 útskrifast 1.844 nemendur frá upphafi skólans. Við erum ákaflega stolt af þeim fjölda nemenda sem hefur útskrifast af Háskólabrú og væntum þess að halda áfram að taka þátt í menntun fullorðinna nemenda sem hyggja á háskólanám.



4

ÍPRÓTTAAKADEMÍA

Íþróttakademía Keilis bauð upp á fimm námsleiðir árið 2019, ÍAK einkaþjálfun, ÍAK styrktarþjálfun, nám í fótaaðgerðafræði sem er nám á heilbrigðisviði, Nordic Personal Trainer Certificate (NPTC) sem er einkaþjálfaranám kennt að öllu leiti á veraldarvefnum og eins árs nám á háskólastigi í ævintýraleiðsögn í samstarfi við Thompson Rivers University í Kanada.

ÍAK einkaþjálfaranámið er 80 fein-eininga viðurkennt starfsnám á þriðja hæfnisprepi sem kennt er á tveimur öðrum.

ÍAK styrktarþjálfun er tveggja anna grunnám í styrktar- og ástandspjálfun, miðuð á þjálfara sem ætla að sinna líkamspjálfun íþróttafólks úr öllum íþróttagreinum.

ÍAK einkaþjálfaranámið er nú skilgreint sem starfsnám á 3. hæfnisþrepi.

Bæði ÍAK einkaþjálfaranám Keilis og ný námsbraut NFE hlutu gæðavottun frá Europe Active á árinu.

Tíunda útskrift ÍAK einkaþjálfara á árinu.

Nordic Fitness Education (NFE) er undirskóli ÍAK og heldur úti námsbrautum á veraldarvefnum á erlendum tungumálum. Þar undir er meðal annars Nordic Personal Trainer Certificate (NPTC) einkaþjálfaranámið og nokkrir endurmenntunaráfangar sem eru allir viðurkenndir af Europe Active.

Ævintýraleiðsögunám Keilis (Adventure Guide Certificate) var keyrt í sjöunda sinn frá upphafi samstarfs Keilis og Thompson Rivers University í Kanada.

Fótaaðgerðarnám Keilis fór af stað með hóp í fjórða sinn á haustönn. Um er að ræða þriggja anna nám á heilbrigðissviði og að námi loknu geta útskrifaðir nemendur sótt um starfsheitið „Fótaaðgerðarfræðingur“ til embætti Landlæknis.

Starfsfólk

Arnar Hafsteinsson var forstöðumaður deildarinnar en verkefnastjórar brautanna voru eftirfarandi:

- ÍAK einka- og styrktarþjálfaranám; Haddy Anna Hafsteinsdóttir.
- Ævintýraleiðsögn; Thomas Exner frá Þýskalandi og Kanadamaðurinn Gabriel Cote-Valiquette (hætti störfum í október).
- Fótaaðgerðarnám; Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir.
- NFE; Ben Pratt frá Írlandi en hann sinnir störfum í heimalandi sínu.

Átta stundakennarar, þar af þrjár erlendir störfuðu við kennslu í ÍAK þjálfaranámsbrautunum. Um er að ræða verktaka í hlutastarfi. Einn erlendir kennari starfaði við áfangagerð og kennslu í NPTC. Fimm íslenskir og sex erlendir kennarar kenndu við ævintýranámsbrautina, allir nema einn sem verktakar. TRU sendi tvo kennara til að kenna í verklegri kennslu ævintýranámsins ásamt því að fara yfir gæðamál námsbrautarinnar samkvæmt samningi milli skólanna.

Einn kennari var í fullu starfi kennara í fótaaðgerðarnáminu og þrjár aðrir í hlutastarfi í verktöku.

Samstarfsaðilar

Thompson Rivers University í Kanada hefur átt í samstarfi við Íþróttakademíuna frá haustinu 2013 með ævintýraleiðsögunámið en TRU á brautina og útskrifast nemendur Keilis með TRU skírteini að námi loknu. Báðir skólar hafa lýst yfir ánægju með samstarfið og er stefnan að halda því áfram um ófyrirséða framtíð, eða svo lengi sem áhugi er á náminu hjá verðandi leiðsögumönnum.

Deildarforseti yfir ævintýranámi TRU heimsótti Keili á haustmánuðum ársins. Átti hann meðal annars fundi með stjórnendum Keilis, stjórnarformanni, kennurum og nemendum. Að heimsókn lokinni tók hann saman skýrslu þar sem í ljós kom mikil ánægja með samstarfið og enn fremur bendir hann á að lag sé að skólarnir skoði með opnum huga samstarf á fleiri sviðum.

*Færri starfa við
einkaþjálfun í fullu starfi
en fyrri ár en rúmlega
helmingur hafa
einkaþjálfun að
hlutastarfi.*

*Thompson Rivers
University í Kanada hefur
átt í samstarfi við Keili frá
haustinu 2013 varðandi
leiðsögunám í
ævintýraferðamennsku.*



Arnar Hafsteinsson
forstöðumaður
Íþróttakademíu Keilis

Kennarar og nemendur ævintýranáms hafa frá upphafi námsbrautarinnar, fengið aðgang að húsakynnum Arctic Adventures á Drumboddstöðum við Hvítá, í kennslu straumvatnsáfanga. Þar er bæði gistiaðstaða og eldhúsaðstaða sem nemendur hafa haft aðgang að.

Verslunin GG Sport í Kópavogi selur búnað til útivistar en verslunin hefur stutt námsbrautina dyggilega frá upphafi námsins með því að útvega búnað til verklegrar kennslu á bestu kjörum.

ÍAK hefur samninga við líkamsræktarstöðvarnar World Class og Sporthúsið sem veitir nemendum ÍAK frían aðgang að stöðvum þeirra yfir skólaárið. Ennfremur hefur WorldClass lánað aðstöðu til verklegrar kennslu í styrktarþjálfaranámi ÍAK og hefur deildin fengið að nota eina af stöðvum World Class í myndatökur fyrir kennsluefni.

Eftir fall flugfélagsins WOW Air í mars, ákvað menntamálaráðherra að ýta af stað átaksverkefni til að koma til móts við fjölskyldur á Suðurnesjum sem höfðu orðið fyrir fjárhagslegum skaða vegna tekjumissis. Kallaði ráðuneytið eftir námskeiðahaldi frá menntastofnunum og félagasamtökum á svæðinu. Keilir brást við og fór Íþróttakademían af stað með tvö námskeið í útivist fyrir ungmenni á aldrinum 13-16 ára og eitt námskeið í grunni fjallamennsku fyrir fullorðna. Verkefnið var kostað af Menntamálaráðuneytinu en þátttakendur greiddu engin þátttökugjöld.

Framtíðarsýn og þróun

Umsóknum í styrktarþjálfaranám ÍAK fjölga á milli ára og mögulega hafa nýjar inntökureglur í ÍAK einkaþjálfaranámið orðið til þess að sumir fara í styrktarþjálfarann í staðinn en lægri forkröfur um einingar eru í það nám. Verið er að skoða möguleikana á að setja upp styrktarþjálfaranám á BSc stigi, þá sem viðbótar diplómanám t.a.m. við íþróttfræðiskor háskólanna. Samtal á sér stað þessi misserin við sitt hvorn háskólann um þennan möguleika.

Keilir er í stöðugri þróun með nám á netinu og hefur Íþróttakademían ávallt verið snögg að tileinka sér tæknina þar sem hægt er að bæta henni við til að víkka út þjónustu við nemendur. Til að mynda hefur flestum bóklegum áföngum allra námsbrauta deildarinnar verið breytt í fjarnám sem fækkar mætingum í skólastofu yfir kennsluárið. Slíkt fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir hjá nemendum okkar en þar sem deildin er eingöngu í fullorðins menntun, hentar það vel fólki sem hefur aðrar skuldbindingar í lífi sínu að njóta sveigjanleika sem fjarnám býður upp á.



5

MENNTASKÓLINN Á ÁSBRÚ

Á nýliðnu ári fóru fram stórar og ólíkar aðgerðir til undirbúnings stúdentsbrautar hjá Keili. Fram að árinu 2019 hafði innanhússteymi með Hjálmar Árnason fyrrverandi framkvæmdastjóra Keilis í fararbroddi unnið að því í mörg ár að fá leyfi og fjármagn til þess að hefja stúdentsbraut með áherslu á tölvuleikjagerð. Leyfi hafði fengist þó nokkru áður, samkvæmt lögum um framhaldsskóla (12. júní 2008, nr. 92), en á þessum tímamarki, eða rétt um áramótin 2018/2019 fékkst fjármagn frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti sem

þótti nægilegt til þess að fara af stað með slíkt þróunarverkefni.

Til þess að starfsemin eigi möguleika á því að falla í eðlilegan farveg til lengri tíma litið hefur verið unnið að því stöðugt frá haustmánuðum að reyna að tryggja fullt fjármagn svo ávallt séu að störfum nemendur í öllum árgöngum, kennarar eigi möguleika á fullu starfi, stoðþjónusta sé stöðug og örugg og aðbúnaður nemenda og starfsmanna góður.

*Nanna Kristjana
Traustadóttir hóf störf
sem forstöðumaður
stúdentsbrauta þann 1.
febrúar 2019.*

*Stúdentsbrautin tilheyrir
nýrri deild Keilis:
Menntaskólanum á Ásbrú.*

*Hátt í eitt hundrað
umsóknir bárust í námið á
haustönn 2019.*

*Mikil ánægja er með
viðtökur hjá ráðuneyti
menntamála, Samtökum
iðnaðarins, sem og
fyrirtækjum í leikjagerð.*

Þann 1. febrúar hóf undirrituð, Nanna Kristjana Traustadóttir, störf sem forstöðumaður stúdentsbrauta hjá Keili og tók við keflinu hvað varðar stúdentsbrautina í tölvuleikjagerð. Síðar um vorið fékk hún titilinn skólameistari er ljóst varð að Hjálmar myndi fara á eftirlaun.

Fyrstu verkefni vorsins 2019 voru fjölbreytt, m.a. þurfti að semja námskrá, hanna kennslurýmið, útbúa kennslufræðilega stefnu, sinna kynningarstarfi, ráða kennara, undirbúa skráningu og móttöku nemenda, funda með hlutaðeigandi s.s. Menntamálastofnun og aðilum úr atvinnulífinu, gera áætlanir um forvarnarstarf o.þ.h., búa til stundatöflu og skóladagatal, auk fjölda annarra verkefna sem tilheyra í því skipulagi sem verður að hafa í sérhverri menntastofnun fyrir ungmenni á framhaldsskólastigi.

Strax í upphafi árs kom sú tillaga fram að stúdentsbrautin myndi tilheyra nýrri deild Keilis og yrði framvegis Menntaskólinn á Ásbrú (MÁ). Unnið var með HN markaðsstofu að því að búa til brandbækling sem notaður yrði í kynningarefni þá strax um vorið, enda lá á því að kynna MÁ hið fyrsta svo nemendur í 10. bekkjum grunnskóla vissu af þessum möguleika áður en umsóknarfrestur væri liðinn. Þar á eftir fór af stað kynningarstarf á brautinni og skólanum sem mun að miklu leyti fara fram árlega. Kynningarstarf framhaldsskólabrauta fer almennt að mestu leyti fram á tímabilinu janúar-maí. Skólameistari fór með kynningar inn í alla grunnskóla á Suðurnesjum og í Hafnarfirði. Skólameistari ásamt markaðsstjóra settu upp kynningarbás á UT Messunni í Hörpu í febrúar. Félagi námsráðgjafa var boðið í heimsókn til Keilis og þó allar námsleiðir hafi verið kynntar var þetta sérstaklega skipulagt af hálfu skólameistara MÁ í samstarfi við námsráðgjafa innanhúss vegna tilurðar MÁ. Opið hús var haldið á vordögum þar sem á annað hundrað manns mættu til þess að kynna sér námið í tölvuleikjagerðinni, slíkt verður árlegur viðburður. Á haustdögum setti skólameistari í samstarfi við kennara brautarinnar ásamt markaðssviði upp bás á Midgard, einu íslensku aðdáendahátíðinni, í Fífunni. Þar fór fram kynning á MÁ alla þá þrjá daga sem hátíðin stóð yfir.


Fyrir utan þessar persónulegu kynningar ber að nefna vinnu við viðhald samfélagsmiðla af hálfu markaðsdeildar Keilis og sérstök kynningarbréf útbúin af skólameistara og send á alla námsráðgjafa í grunnskólum. Í maí mánuði fóru síðan fram viðtöl við alla umsækjendur vegna náms veturinn 2019-2020. Umsóknir fóru í gegnum www.menntagatt.is eins og hjá öðrum skólum á framhaldsskólastigi og í lok þess tímabils höfðu hátt í 100 nemendur sótt um að komast á stúdentsbrautina í tölvuleikjagerð. Mikil ánægja var með viðtökun ungmenna við þessari viðbót í námsflórana á framhaldsskólastigi hjá bæði Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, stjórn IGI, fyrirtækjum í hugverkaiðnaði svo og innanhúss hjá Keili. Að endingu fór það svo að rúmlega fjórtíu nemendur voru skráðir til náms á haustönn 2019.

Mun fleiri drengir en stúlkur sækja um í námið, en unnið er að því að auka hlutdeild kvenna í náminu.

Umsækjendur	1. val	2. val	Samtals
Útskriftarárgangur 2019	44	24	68
Kvenkyn	7	2	9
Karlkyn	37	22	59
Eldri umsækjendur	24	-	24
Kvenkyn	2	-	2
Karlkyn	22	-	22
Heildarfjöldi umsækjenda	68	24	92

Starfsemin í MÁ er eina sinnar tegundar á Íslandi bæði m.t.t. sérhæfingar, samstarfs við atvinnulífið og vinnubrögð í bóklegu stúdentsnámi. Nemendur sem þangað sækja í nám eru af þessum sökum nokkuð jafnt frá höfuðborgarsvæðinu og frá Suðurnesjum og áhuginn á námsbrautinni í samfélaginu er mikill.

Rétt rúmlega helmingur nemenda MÁ kemur af Suðurnesjunum.



- Höfuðborgarsvæðið
- Reykjanes
- Vesturland
- Norðurland

Samþykktir í námið	Fjöldi
Reykjanes	21
Höfuðborgarsvæðið	19
Vesturland	2
Norðurland	2
Samtals	44

MÁ - stúdentsbraut í tölvuleikjagerð

Námið við MÁ er staðnám og fer alfarið fram í húsakynnum Keilis á Ásbrú. Á námsbrautinni er unnið sérstaklega að því að námið sé áhugavekjandi, skapandi og eflandi. Námskráin var gerð í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og samkvæmt leiðbeinandi viðmiðum frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Skipulag og uppbygging brautarinnar var unnin í samstarfi við ýmsa aðila úr atvinnulífinu bæði héraendis og á alþjóðavísu. Þróun brautarinnar á komandi árum miðar við áframhaldandi samstarf þessara aðila. Brautin er að lágmarki 200 framhaldsskólaeiningar og námslokinn er á hæfniprepi þrjú skv. aðalnámskrá framhaldsskóla. Lögð er rík áhersla á bæði nútímalega kennsluhætti og vinnuástöðu. Fyrir utan nám í hefðbundnum kjarnagreinum vinna nemendur sérstaklega með áfanga þar sem ýtt er undir færni og þekkingu sem býr þá undir áframhaldandi nám á háskólastigi á breiðu sviði, bæði greinum sem tengjast hugverkaiðnaði svo og skapandi greinum.

Nemendur öðlast hagnýta menntun í tölvuleikjagerð, skapandi greinum og frumkvöðla- og markaðsfræðslu.

Nemendur sem útskrifast af brautinni öðlast hagnýta menntun í tölvuleikjagerð, skapandi greinum og frumkvöðla- og markaðsfræðslu. Námið tekur mið af þörfum allra nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Hver nemandi fær tækifæri til að nýta styrkleika sína, sem er lykilþátturinn í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Nemendur sem útskrifast með stúdentspróf með sérhæfingu í tölvuleikjagerð munu hafa eftirfarandi gildi að leiðarljósi: sjálfstæði - skapandi hugsun - rökvísi - jákvæð samskipti.

Inntökumiðmið umsækjenda á brautina var hæfnieinkunnin B í ensku, íslensku og stærðfræði á grunnskólaprófi eða að hafa lokið fyrsta þreps áfanga í þessum sömu greinum. Ekki allir nemendur sem hófu nám uppfylltu öll þessi skilyrði. Þeim sem vantaði upp færni í íslensku eða stærðfræði bauðst fornámsáfangi í þeim greinum strax á haustönn. Allir nemendur munu stefna að því að ljúka 140 eininga sameiginlegum kjarna (samanstendur af annars vegar 80 eininga grunnkjarna og hins vegar 60 eininga tölvuleikjagerðarkjarna). Nemendur taka þriðja mál (15 einingar) og listgreinar (15 einingar). Nemendur þurfa sjálfir að setja saman hluta af sínu námi (30 einingar) og munu njóta aðstoðar námsráðgjafa við það val m.t.t. áhugasviðs og markmiðasetningu hvers og eins þegar að því kemur. Mikilvægt er að nemendur dýpki sig í ákveðnum greinum til að vera betur í stakk búnir til þess að takast á við frekara nám og mæta aðgangsviðmiðum þeirrar námsleiðar sem þeir stefna á í háskóla.

Þegar skólahald hófst var einn skólameistari í fullu starfi og sjö kennarar í hlutastörfum og/eða verktöku.

Þegar skólahald hófst haustið 2019 var þar einn skólameistari í fullu starfi og sjö kennarar í hlutastörfum og/eða verktöku. MÁ nýtti sér þar að auki starfskrafta Menntasviðs og skrifstofu, t.d. námsráðgjafa, kennsluráðgjafa, tæknilega aðstoð og móttöku.

Mikill tölvubúnaður fylgir náminu svo sem úrval leikjatölva, búnaður og aðstaða til hljóð- og myndupptöku, o.fl.

Búnaður í verklegu námi við tölvuleikjagerð er umtalsverður þrátt fyrir það að nemendur mæti allir með eigin fartölvur. Til staðar þarf að vera fjölbreytt úrval leikjatölva ásamt skjáa þar sem afurðir nemenda eru prófaðar svo og aðstaða til upptöku á hljóði og mynd, hreyfupptöku, eftirvinnslu og hugbúnaður þessu tengt. Mikil vinna fór í að undirbúa vinnuáðstöðu nemenda sem hófu nám við MÁ síðastliðið haust, enda fer starfsemin fram í stofum sem voru illa farnar og notaðar í annars konar starfsemi.

Nemendafélag Menntaskólans á Ásbrú (NFMÁ) var stofnað í ágúst og hefur bæði fengið kennitölu og stofnað eigin bankareikning. NFMÁ byrjaði strax í upphafi haustsins að halda viðburði í 88 húsinu í Reykjanesbæ og í nóvember hélt félagið sinn fyrsta viðburð í húsakynnum MÁ. Fyrsti viðburðurinn innanhúss var sólarhrings LAN mót. Störf nemendafélagsins eru þó í mótunarferli og eðli málsins samkvæmt lítið og ungt félag. Nemendur fengu afhent hálfklárað félagsrými innanhúss rétt fyrir jólin 2019 sem verður þeirra verkefni að finna not fyrir og innrétta.

Nemendafélagið NFMÁ var stofnað í ágúst 2019 og foreldrafélag MÁ í haustbyrjun.

Foreldraráð var stofnað í haustbyrjun. Skúli Freyr Brynjólfsson, námsráðgjafi Keilis og starfandi aðstoðarmaður skólameistara, hefur leitt það að koma ráðinu á laggirnar og verður því innan handar til að byrja með. Í ráðinu sitja þrír foreldrar nemenda MÁ og hafa þeir fundað einu sinni fyrir jól. Foreldraráð fór strax í það að vinna að starfsáætlun og skipuleggja sína þátttöku í skólasamfélaginu. MÁ er eina deild Keilis þar sem stofna þarf, samkvæmt lögum um framhaldsskóla (12. júní 2008, nr. 92), foreldraráð og því er það lítil eining.

Mennta- og menningarmálaráðherra Lilja D. Alfreðsdóttir kom til þess að setja allra fyrsta skóladag nemenda við MÁ 19. ágúst.

Árangur og gæði skólastarfsins metinn með kerfisbundnum hætti.

Úrbótaáætlun er unnin í samstarfi við fagteymi brautarinnar og starfandi gæðaráð Keilis.

Fleiri þættir sem tengjast almennri starfsemi framhaldsskóla voru á teikniborðinu í lok árs og verða í mótunarferli á næsta starfsári.

Skólaasetning Menntaskólans á Ásbrú

Í MÁ miðast starfsárið við starfsemi frá hausti til vors líkt og almennt er í menntastofnunum. Haustið fór af stað með sérstakri móttöku nýnema áður en vinna nemenda hófst. Heilum degi var varið í hópefli með tilheyrandi verkefnum og skemmtun.

Mennta- og menningarmálaráðherra Lilja D. Alfreðsdóttir kom til þess að setja allra fyrsta skóladag nemenda við MÁ mánudaginn 19. ágúst. Ráðherra, framkvæmdastjóri og skólameistari ávörpuðu nemendur og gesti sem komu víða að úr samfélaginu og atvinnulífinu. Í kjölfarið var gengið inn í aðalrými nemenda og klippt á borða til þess að marka þennan áfanga með áþreifanlegum hætti.

Gæðastarf - aðferðir og markmið

Samkvæmt reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum er árangur og gæði skólastarfsins metinn með kerfisbundnum hætti. Virkt mat er samofið annarri starfsemi skóla. Það er umbótamiðað og nær til allra helstu þátta skólastarfsins. Virk þátttaka starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs er í innra mati og matið byggir á fjölbreyttum aðferðum til söfnunar matsgagna.

Gæðamat sem skipulagt var fyrir skólaárið 2019/2020 inniheldur eftirfarandi þætti:

- Matsfundur kennara tvisvar á önn
- Matsfundur nemenda einu sinni á önn
- Kennslukönnun nemenda í lok hvers áfanga
- Samtal við foreldra (ánægjukönnun)
- Sjálfsmatshópur einkunnagjöf vísbendinga

Í kjölfar matsþátta er gerð samantekt og sett fram úrbótaáætlun í samstarfi við fagteymi brautarinnar og starfandi gæðaráð Keilis. Úrbótaáætlun er unnin á komandi vori þegar niðurstöður allra matsþátta eru ljósar og verður kynnt sérstaklega og aðgengileg á vefsíðu skólans. Fyrstu niðurstöður matsþátta að hausti 2019 benda til þess að starfið fari í alla staði vel af stað, nemendur eru ánægðir, foreldrar telja börnin sín ánægð, kennarar eru metnaðarfullir m.t.t. þess að vinna störf sín vel. Þó ýmsir þættir séu til þess fallnir að úrbætur verði gerðar þá er enginn vafi á því samkvæmt þessum gögnum að fyrsta skólaönn MÁ var vel útfærð og framkvæmd.

Samstarf við atvinnulífið

Samstarf við aðila í hugverkaiðnaði var komið á laggirnar strax á vordögum og slík vinna skiptir máli fyrir MÁ, bæði vegna sérhæfingar nemenda en einnig vegna áhugavekjandi, nútímalegra vinnubragða. Áfangar í tölvuleikjagerð og lokaverkefni síðustu annar verða unnin í samstarfi við valin fyrirtæki úr atvinnulífinu auk þess að fulltrúum atvinnulífsins verður

Áfangar í tölvuleikjagerð og lokaverkefni síðustu annar verða unnin í samstarfi við valin fyrirtæki úr atvinnulífinu.

Skólinn er í góðum tengslum við aðila utan skólans og hafa verið unnin fjölmörg verkefni og vinnustofur á árinu.

Vel hefur tekist til að setja skólann á legg, ekki síst vegna þess öflugra teymis sem MÁ á að.



Nanna Kristjana Traustadóttir
forstöðumaður
stúdentabrauta og
skólameistari
Menntaskólans á Ásbrú

boðið sæti í fagraði MÁ á komandi ári. Meðal þeirra aðila sem fundað hefur verið með á árinu 2019 og hafa samþykkt samstarfsverkefni á komandi misserum eru Myrkur Games, CCP, Parity, Solid Clouds, IGI, SI, Isavia auk nokkurra einyrkja í faginu.

Verkefnin munu taka ólíka mynd eftir samstarfsaðila – á meðan í sumum verður fókus á faglega fínþússun á ákveðinni færni, þá munu önnur miða að sérstökum markhópi o.s.frv.

Skólameistari ásamt sínu nánasta samstarfsfólki hefur einnig verið í góðum tengslum við aðila úr samfélaginu sem hafa óskað eftir samstarfi vegna uppsetningu vinnustofa. Þessi verkefni tengjast nútímalegri nálgun á náms- og kennsluhætti og að sjálfsögðu áherslum í tölvuleikjagerð. Þannig höfum við nýtt slík tækifæri til þess að miðla sýn og stefnu MÁ í menntamálum. Til að mynda óskaði Fræðslumiðstöð atvinnulífsins eftir samstarfi á sérstakri vinnustofu um færni til framtíðar með áherslu á skólastofu framtíðarinnar – sá dagur fór fram 10. október 2019 í Borgarleikhúsinu og var settur af Mennta- og menningarmálaráðherra.

Háskólinn í Reykjavík bauð skólameistara jafnframt að setja upp vinnustofu á Stelpur og tækni deginum vorið 2019 þar sem HR vinnur að því að hvetja konur til náms í tæknigreinum, og liður í því er að bjóða stelpum úr 9. bekkjum grunnskóla í háskólann og tæknifyrirtæki. Markmiðið er að vekja áhuga þeirra á ýmsum möguleikum í tækninámi og störfum, brjóta niður staðalímyndir og sýna þeim fjölbreytileikann sem einkennir tækniiðnaðinn. Að verkefninu stendur Háskólinn í Reykjavík ásamt Ský og Samtökum iðnaðarins - og það er annað dæmi um uppsetningu vinnustofu þar sem áherslur og sýn MÁ er í öndvegi.

Lokaorð

Eins og gefur að skilja þá eru mýmörg mál í vinnslu í deild þar sem enginn strúktúr var til staðar fyrir og mörg mikilvæg mál fóru í vinnslu árið 2019 þó ekki séu þau fullkláruð. 2019 var ár afreka í þeim efnum að koma stúdentabrautinni á laggirnar og sjá hana fara af stað á jafn farsælan og árangursríkan hátt og vera ber. Það tókst eingöngu vegna þess öflugra teymis sem MÁ á að og þeirra mögnuðu nemenda sem nema hjá okkur. Við erum gríðarlega stolt af þeim hópi nemenda sem hófu nám hjá okkur haustið 2019 og þakklát fyrir það traust sem þau og fjölskyldur þeirra hafa sýnt okkur. Kennarar MÁ sem sóttust eftir því að vera þátttakendur í jafn óhefðbundnu verkefni og um er að ræða hafa sýnt óbilandi hugrekki í alla staði. Þeirra vinna er ekki létt verk. Þau eru alla daga að brjóta niður múra, finna nútímalegar leiðir svo nemendur okkar upplifi það í raun að þau séu ekki á biðstöð, að þau finni fyrir því hvernig þau eflist, þroskist og öðlist raunverulega færni til framtíðar.



6

FLUGAKADEMÍA

Í byrjun árs 2019 keypti Keilir Flugakademía, Flugskóla Íslands. Með sameinuðum skóla var augnamiðið að styrkja rekstur beggja eininga og bjóða upp á áframhaldandi öflugt áfangaskipt og samtvinnað atvinnuflugmannsnám í einum stærsta flugskóla Norðurlandanna. Flugflotinn telur nú um 20 flugvélar, þrjá flugherma og starfstöðvar verklegar kennslu á bæði Keflavíkur og Reykjavíkurflugvelli auk bóklegrar kennslu á Ásbrú og í Hafnarfirði.

Mikil vinna hefur farið í að samþætta starfsemi skólanna og mun henni ekki ljúka fyrr en árið 2020. Unnið hefur verið að því að ná fram rekstrarhagræðingu en má þar nefna samþættun og einföldun ýmissa samninga við birgja og undirverktaka. Ein flugvél varð fyrir óhappi í júní mánuði og var í kjölfarið tekin úr rekstri en engin slys urðu á fólki.

*Rétt um eitt hundrað
atvinnuflugnema
brautskráðust frá Keili á
síðastliðnu ári*

Flugakademía Keilis stóð fyrir þremur útskriftum atvinnuflugnema á árinu og brautskráðust samtals 89 atvinnuflugnema frá skólanum. Í janúar 2019 brautskráðust 28 atvinnuflugnema, en þess má geta að Ludvig Alexander Bengtsson fékk við athöfnina viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur í atvinnuflugmannsnámi með 9,87 í meðaleinkunn, sem er hæsta einkunn sem gefin hefur verið frá upphafi skólans. Þá brautskráðust 43 atvinnuflugnema frá skólanum í júní og 18 atvinnuflugnema í ágúst. Flugskóli Íslands útskrifaði 55 nemendur úr bóklegu atvinnuflugmannsnámi í maí en 62 hófu námið og sjö frestuðu útskrift.

*Fyrsta útskrift
sameinaðra skóla
Flugakademíu Keilis og
Flugskóla Íslands fór fram
14. júní 2019.*



*Flugvirkjanám
Flugakademíu Keilis
fluttist til Tækniskólans á
árinu.*

Viðræður milli Keilis og Tækniskólans leiddu til samkomulags um að síðarnefndi skólinn tæki yfir kennslu í flugvirkjanámi Keilis frá og með haustönn 2019.

Flugakademía Keilis hóf fyrst kennslu í flugvirkjanámi haustið 2013 en síðan þá hafa samtals 68 nemendur lokið náminu við skólann. Frá upphafi hefur námið verið unnið í samvinnu við AST (Air Service Training) í Skotlandi sem ber faglega ábyrgð á gæðum þess.

Meginástæða fyrir samruna flugvirkjanáms Keilis og Tækniskólans er sú að aðsókn í námið hefur dregist saman í báðum skólum og telja forsvarsmenn beggja skóla að langtímahagsmunir greinarinnar og nemenda séu best tryggðir með þessum hætti.

*Áfangaskipt og
samvinnað
atvinnuflugnám hófst
bæði á Ásbrú og í
Hafnarfirði á haustönn
2019.*

Áfangaskipt og samvinnað atvinnuflugnám hófst bæði á Ásbrú og í Hafnarfirði á haustönn 2019 í byrjun september. Vinna hefur staðið yfir við samræmingu kennslu og kennslugagna og þeirri vinnu lýkur 2020. Þá er einnig unnið að endurspeglu sameinaðan skóla.

Skólinn tók upp hugbúnaðakerfið Flightlogger fyrir allt verklegt nám við skólann. Flightlogger tók við af FLY sem hafði verulega annmarka og fyrir lá umtalsverð fjárfesting í

Björn Ingi Knútsson tók við starfi forstöðumanns Flugakademíu Keilis - Flugskóla Íslands á árinu.

Tæplega 8.500 flugtímar voru flognir af Keflavíkurflugvelli á árinu og um 5.500 af Reykjavíkurflugvelli.



Björn Ingi Knútsson
forstöðumaður
Flugakademíu Keilis -
Flugskóla Íslands

uppfærslu hefði það verið notað áfram. Flightlogger kerfið hefur reynst afar vel og er notað af fjölda flugskóla í Evrópu. Rétt eins og áður mun verkleg flugkennsla fara fram bæði á alþjóðaflugvelli í Keflavík og Reykjavíkurflugvelli, en kennsla á Selfossi og Sauðarkrök hefur verið aflögð.

Rúnar Árnason forstöðumaður Flugakademíu Keilis lét af störfum um miðjan september og við tók Björn Ingi Knútsson. Snorri Snorrason skólastjóri Flugakademíu Keilis lét einnig af störfum í ágúst og við tók Baldvin Birgisson fyrrverandi skólastjóri Flugskóla Íslands.

Við kaup KAA á FÍ jukust ákveðin umsvif í flugtengdri þjálfum og umsýslu, meðal annars fyrir Blue Bird Nordic, Norlandair, Mýflug auk samvinnu við True Iceland dótturfélag Icelandair sem Flugskóli Íslands hafði haft um árabíl.



Þar er bæði um að ræða bóklega kennslu hér heima sem og kennslu í flughermum erlendis ásamt flughermum True Iceland.

Ljóst má vera að mikil og krefjandi vinna verður árið 2020 við að ljúka allri samræmingarvinnu, handbókum sem og aðlögun flugvéla og flugherma að starfsemi skólans til að hámarka nýtingu og afköst.

Árið 2019 voru flognir 8.492,7 flugtímar á Keflavíkurflugvelli og 1.875 tímar í D-sim flughermi. Á Reykjavíkurflugvelli voru 5.574,97 flugtímar flognir og 1.583,7 tímar í AL-sim flughermi.



7

MENNTASVIÐ

Menntasvið er stoðdeild við þær deildir sem í boði eru innan skólans. Undir Menntasvið fellur tölvuþjónusta, nemendaskráning, kennsluráðgjöf, kennslukerfi í stað- og fjarnámi, náms- og starfsráðgjöf, prófstjórn, sterkur grunnur, gæðaráð, Hlaðborð og Inntökupróf.is.

Hlutverk Menntasviðs eru m.a. samskipti og skýrslugerðir fyrir Menntamálastofnun, Hagstofuna og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá hefur Menntasvið umsjón með handbókum

kennara, stundatöflugerð á Innu, framkvæmd prófa, ber ábyrgð á útskriftum og kennsluálagi. Menntasvið framkvæmir kennslu- og þjónustukannanir, heldur matsfundi í öllum deildum og sér um að fylgja eftir ferlum í gæðahandbók, búa til gæðaskýrslur ásamt því að samræma kennslu, stofuskipulag og hafa yfirsýn yfir þá starfsemi sem á sér stað innan Keilis. Þá er hlutverk Menntasviðs einnig að sinna tölvuþjónustu fyrir nemendur og starfsfólk, þróun og umsjón kennslukerfis í stað- og fjarnámi og til fyrirtækja,

Kennslusvið er stöðdeild við þær deildir sem í boði eru innan skólans.

Nemendum og starfsfólki Keilis er boðið upp á aðstoð í tölvumálum og er mikil áhersla lögð á að kennarar nýti sér upptökuherbergi Keilis til að taka upp fyrirlestra.

Ný löggjöf um verndun persónuupplýsinga (GDPR) og ný persónuverndarlög höfðu mikil áhrif á ferla og vinnuumhverfi starfsfólks.

náms- og starfsráðgjöf og að aðstoða kennara með hljóðvinnslu og upptökur. Menntasvið setur inn allar upplýsingar og heldur utan um nemendabókhalðið í nemendabókhaltdskerfinu Innu, sér um kennsluráðgjöf til kennara og að þjálfa alla kennara og nemendur Keilis til notkunar á kennslukerfinu Moodle. Þá heldur Menntasvið utan um Hlaðborð Keilis og Inntökupróf.is. Einnig er Menntasvið stöðdeild við aðrar deildir Keilis og kemur að hinum ýmsu verkefnum eins og t.d. umsóknum, starfsmannadögum vinnudögum kennara, kynningum o.fl.

Forstöðukona Menntasviðs er Anna María Sigurðardóttir og Fjóla Þórdís Jónsdóttir er verkefnastjóri á Menntasviði en hún fór í fæðingarorlof í apríl 2019 og sinnti Skúli Freyr Brynjólfsson 80% af hennar verkefnum ásamt öðrum verkefnum s.s. námsráðgjöf, verkefnum sem tengjast Inntökupróf.is o.fl. Aðrir starfsmenn eru Þóra Kristín Snjólfsdóttir í 100% stöðu sem námsráðgjafi, Linda Pálmadóttir í 75% stöðu sem verkefnastjóri á Hlaðborði og Inntökupróf.is, Sigrún Svafa Ólafsdóttir í 50% stöðu sem kennsluráðgjafi og umsjón með sterkum grunni, Ingibjörg Grétarsdóttir í 30% stöðu sem prófstjóri og Gísli Magnús Torfason í 100% stöðu í tölvuþjónustu. Agnar Guðmundsson umsjónarmaður tölvukerfis er verktaki.

Tölvuþjónusta

Agnar Guðmundsson tölvunarfræðingur er umsjónarmaður tölvukerfis Keilis og Gísli Magnús Torfason sinnir tölvuþjónustu hjá Keili. Leitast er við að veita nemendum og starfsfólki skólans góða aðstoð í tölvumálum. Gísli er með menntun á sviði hljóðfræði og því geta kennarar og viðskiptavinir nýtt sér hans þekkingu og aðstoð í hljóð- og myndvinnslu við og eftir upptökur.

Tölvukerfi

Rekstur tölvukerfa hjá Keili gekk heilt yfir vel á árinu, fyrir utan útslátt rafmagns og internets á Ásbrú sem hafði þau áhrif að um tíma varð tölvukerfið óaðgengilegt. Þetta hafði áhrif á kennslukerfi Keilis tímabundið. Unnið var að gerð langtímalausnar á netsambandinu sem áætlað er að ljúki með traustu sambandi á árinu 2020.

Ný löggjöf Evrópusambandsins um verndun persónuupplýsinga (GDPR) og ný persónuverndarlög tóku gildi á árinu og hafði það mikil áhrif á ferla vinnu umhverfi starfsfólks. GoPro skjalastjórnunar- og málakerfið var sett upp hjá helstu notendum og talsverð vinna fór í að þjálfa notendur og okkur sjálf í notkun og rekstri þess. Þessi vinna fólst í námskeiðahaldi og þéttri samvinnu við persónuverndar- og skjalastjóra Keilis.

Kennslukerfið Moodle var áfram nýtt. Tvö ný kerfi í Moodle voru sett upp fyrir Vinnuverndarskóla Íslands og Menntaskólann á Ásbrú. Moodle kerfið var uppfært í nýjustu útfærslu eða útgáfu 3.6. Einnig var bætt inn ReadSpeaker í Háskólabrúna og Menntaskólann, ásamt því að Respondus Lockdown Browser var nýtt í tölvuprófum í Háskólabrúnni og í Flugakademíu. Þetta kerfi tryggir að nemandinn geti ekki nýtt búnaðinn sem hann notar til að taka próf, til einhvers annars á sama tíma. ReadSpeaker er tæki/hugbúnaður sem les upp texta fyrir nemendur, sem er mikilvægt fyrir þá sem m.a. eiga við lestraörðugleika að stríða.

TurnitIn var áfram nýtt til leitar á uppruna texta í verkefnaskilum. TurnitIn, var sett upp í öll kennslukerfi okkar í kjölfar samnings sem Landsbókasafn Íslands gerði fyrir hönd allra menntastofnana á Íslandi. Þetta er dýrt kerfi og því mikill fengur fyrir Keili að fá gjaldfrjálsan aðgang að því.

Keilir var einn af fyrstu skólunum á Íslandi til að taka upp Office 365.

Öll kennslukerfin sem Keilir hefur keyrt frá upphafi eru enn keyrandi og aðgengileg og enn eru nokkur önnur eldri kerfi í notkun, svo sem Viskubrunnur. Keilir hýsir kennslukerfi fyrir ÍSÍ og Landsbjörg. Rekstur allra þessara kerfa hefur gengið áfallalaust fyrir sig á árinu 2019. Tvö fyrirtæki hættu í þjónustu hjá Keili varðandi hýsingu kennslukerfa. Ökuskólinn í Mjódd tók kerfið yfir til sín en fengu aðstoð frá tölvudeild við það og Íslandsbanki virðist hafa lagt niður þennan hátt sem þeir áður nýttu til að fræða starfsfólk sitt.

Keilir var einn af fyrstu skólunum á Íslandi til að taka upp Office 365, það hét þá á árinu 2011 Live@EDU. Office 365 gefur öllum kost á að fá gjaldfrjálst fimm eintök af Office pakkanum í sín tæki, gríðarlega stórt og mikið gagnapláss í OneDrive og margar lausnir varðandi hópavinnutækni.

Á árinu 2019 voru þó nokkrar breytingar á lykilstarfsmönnum hjá Keili, sem setti ákveðið álag á starfsmenn tölvudeildarinnar. En mikinn lærdóm mátti draga af því, sér í lagi hvernig nú er hægt að tryggja betur mikilvæg gögn, og aðgengi að þeim þegar lykil starfsmaður hættir.

Skipt var um þjónustuaðila fyrir upptökukerfi Keilis.

Eins og áður hefur verið getið í ársskýrslu hafa ákveðnir gallar verið á upptökukerfi Keilis og ljóst að það yrði að skipta um þjónustuaðila, enda hafði hann hætt sölu og stuðningi við Evrópu og hafði aðeins sýn á að selja kerfið innanlands hjá sér, það er Bandaríkjana. Upptökukerfið er lykilverfi er snýr að vendinámi, sem er sú kennslutækni sem Keilir er hvað þekktastur fyrir að nýta með góðum árangri svo eftir er tekið. Ákveðið var á árinu 2019 að breyta um upptökukerfi og taka í gagnað Panopto í stað TechSmith. Þar munu öll myndbönd Keilis verða hýst og býður Panopto upp á meiri möguleika en TechSmith svo sem Podcast, eða upplestur fyrirlestra, einnig að hafa glósur tengdar við myndböndin og fleiri en eina myndvél í gangi í einu svo eitt og annað sé nefnt. Panopto fylgir líka þróun Evrópulöggjafar um sjálfvirka textun efnis.

Farið var að nýta Office Teams sem aðal lausn við fjarkennslu.

Hætt var að nota fjarfundakerfið GoToMeeting og byrjað að nota Teams, sem tilheyrir Office 365. Innleiðing gekk mjög vel og er nú Teams aðal lausnin sem Keilir notar til fjarkennslu. Teams mun einnig skipta miklu máli varðandi samþættingu kennslukerfanna ásamt þess hugbúnaðar sem er nýttur við kennslu.

Menntaskólinn á Ásbrú notar Discord sem samskiptaleið við nemendur, það er kerfi sem flestir nemendur þekkja mjög vel enda mikið notað af ungu fólki, nokkurs konar samskiptakerfi þeirra.

Kennsluráðgjöf

Sigrún Svafa Ólafsdóttir hefur það hlutverk í 50% stöðu á mótum kennslu á Háskólabrú að veita kennurum ráðgjöf í kennslufræðum og tæknimálum sem tengjast kennslu ásamt því að stuðla að innleiðingu nýrra kennsluhátta. Áhersla hefur verið lögð á að taka vel á mótum öllum

*Kennurum fá virka
kennsluráðgjöf í
kennslufræðum og
tæknimálum.*

nýjum kennurum, kynna þá fyrir þjónustu Menntasviðs og mynda við þá góð tengsl frá upphafi. Markmiðið er að allir kennarar viti hvaða þjónusta er í boði og hvar sé hægt að leita aðstoðar eða innblásturs. Kennarar nýta sér þessa þjónustu í auknum mæli. Á árinu var haldinn vinnudagur kennara þar sem aðal áherslan var á fjölbreytt námsmat. Þar hélt Valgerður Ósk Einarsdóttir frá Menntaskólanum á Tröllaskaga fyrirlestur og kennarar í Keili sögðu frá árangursríkum aðferðum sem þeir hafa verið að nýta sér í tengslum við námsmat.

Til að einfalda kennsluráðgjöf og tryggja að allir kennarar hafi aðgang að mikilvægum upplýsingum, hefur kennsluráðgjafi sett upp Moodle áfanga fyrir kennara inni á Moodle svæði hvernar deildar. Áfanginn er skylda fyrir alla kennara - nýja sem gamla. Einnig hefur kennsluráðgjafi haldið utan um Bloggsíðu Menntasviðs, þar sem safnað er saman öllum helstu upplýsingum og innblæstri um kennslufræði, ferðalög, fréttir o.fl. sem viðkemur þróunarstarfi í skólum.

Kennsluráðgjafi og Menntasvið, í samvinnu við deildarstjóra, halda utan um Moodle áfanga fyrir nýnema, þar sem farið er yfir mörg af helstu atriðum sem vefjast fyrir nemendum. Námskeiðinu hefur verið vel tekið og ljóst er að þessi þjónusta er komin til að vera.

Útskrifaðir nemendur

Árið 2019 útskrifaði Keilir 325 nemendur, flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 153 nemendur. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda útskriftarnema eftir brautum árið 2019:

*Árið 2019 útskrifaði Keilir
alls 325 nemendur sem er
aukning frá því árið á
undan.*

Háskólabrú - Fjarnám	122
Háskólabrú - Staðnám	31
ÍAK - Einkaþjálfarar	24
ÍAK - Styrktarþjálfarar	16
Flugvirkjanám	23
ATPL - Atvinnuflugmannsnám	89
PPL - Einkaflugmannsnám	1
Fótaaðgerðafræði	7
Nordic Fitness Education	3
Ævintýraleiðsögunám	9
Samtals árið 2018	325

Við árslok 2019 hafði Keilir útskrifað samtals 3.556 nemendur af öllum deildum skólans.



Í lok október 2019 hafði Keilir útskrifað 3.556 nemendur.

Náms- og starfsráðgjöf

Árið 2019 voru tveir starfsmenn sem sinntu náms- og starfsráðgjöf þau Skúli Freyr Brynjólfsson og Þóra Kristín Snjólfsdóttir. Framan af ári var Þóra í hálfri stöðu sem prófstjóri á móti ráðgjöfinni, en frá og með maí fór hún í fullt starf sem ráðgjafi. Á sama tíma tók Skúli við öðrum verkefnum á Menntasviði samhliða ráðgjöfinni.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nemendum skólans stuðning meðan á námi stendur með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni ráðgjafarinnar eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, ráðgjöf og úrræði vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika, persónuleg ráðgjöf, að efla sjálfsþekkingu nemenda og upplýsingagjöf um námsleiðir og störf. Talsverður hluti af starfi náms- og starfsráðgjafanna felst í að svara fyrirspurnum um allar deildir skólans og taka þátt í inntökufæri við allar deildir, þ.á.m. inntökuviðtölum.

Útfærsla og eftirspurn

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nána og persónulega ráðgjöf með það að markmiði að styrkja sjálfstæði og sjálfstraust nemenda. Í því skyni leitast ráðgjafarnir við að vera til staðar þegar nemendur þurfa á að halda og vera mjög sýnilegir í öllum rýmum skólans.

Undanfarin ár hefur þjónusta við nemendur á Háskólabrú verið ráðandi í starfi ráðgjafanna, enda þótt þau vinni markvisst í því að vera sýnileg fyrir alla nemendur skólans, enda eiga allir að hafa sama aðgang að ráðgjöfunum.

Haustið 2019 bættist Menntaskólinn á Ásbrú við námsframboð Keilis. Þjónusta við nemendur í þeirri deild gerir öðruvísi kröfur til námsráðgjafa en aðrar deildir, aðallega vegna aldurs nemenda og samstarfs við foreldra.

Námstækni

Allir nemendur sem hefja nám á íslensku í Keili eiga að byrja á að fara í gegnum svokallaðan Moodle áfanga þar sem ýmis hagnýt atriði tengd náminu eru kynnt. Þar á meðal eru fjórir

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nemendum skólans stuðning meðan á námi stendur með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda.

fyrirlestrar um námstækni og fleiri eru í bígerð. Þetta hefur mælst vel fyrir og er nemendum í kjölfarið velkomið að ræða persónulega við námsráðgjafa um einstaka þætti úr myndböndunum.

Önnur verkefni

Hafi nemendur grun um námsörðugleika s.s. lesörðugleika, athyglisbrest, kvíðaröskun o.s.frv., hafa náms- og starfsráðgjafar hvatt nemendur til að fara í greiningu til að sannreyna það. Einnig hafa þeir verið í samstarfi við fagaðila sem hefur komið og tekið nemendur í lesblindugreiningar og haldið utan um það ferli. Náms- og starfsráðgjafar Keilis hafa verið talsvert virkir í kynningum á starfsemi og námsframboði Keilis og bæði tekið þátt í og stýrt kynningum fyrir ýmsa hópa. Þar á meðal eru nemendur og starfsfólk símenntunarstöðva, nemendur í framhaldsskólum og margir fleiri.

Námsráðgjafar Keilis taka einnig virkan þátt í umsóknarferli flestra deilda í Keili.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis taka virkan þátt í kynningum á starfsemi og námsframboði Keilis.



Prófstjórn

Hlutverk prófstjóra er að halda utan um öll lokapróf Keilis í öllum deildum.

Ingibjörg Grétarsdóttir hefur sinnt prófstjórn í 30% stöðu frá og með apríl 2019. Hlutverk hennar er að halda utan um öll lokapróf í Keili í öllum deildum. Í því felst að skipuleggja prófdaga í samráði við starfsmenn einstakra deilda, taka saman lista yfir nemendur sem skráðir eru í próf, fjölríta prófin, fá fólk til að sitja yfir prófum, skipuleggja prófstofur, raða nemendum niður á þær og sjá um framkvæmd prófanna. Prófum hefur farið fækkandi innan Keilis síðustu árin og því hefur starfshlutfall prófstjóra lækkað smátt og smátt og mun sú þróun halda áfram.

Sterkur grunnur er undirbúningsnámskeið á netinu fyrir verðandi nemendur Háskólabrúar.

Sterkur grunnur

Sterkur grunnur er undirbúningsnámskeið á netinu, hugsað fyrir verðandi nemendur á Háskólabrú Keilis. Höfundar námskeiðanna eru í öllum tilfellum kennarar viðeigandi faga á Háskólabrú, og námskeiðið því markvisst sett upp miðað við reynslu kennara á því hvar nemendur skortir helst undirstöðuþekkingu. Undirbúningsnámskeið eru í boði í eftirfarandi fögum:

- Stærðfræði
- Ensku
- Íslensku
- Raunvísindum (efnafræði, eðlisfræði og líffræði saman)
- Líffræði
- Efnafræði
- Eðlisfræði

Flug grunnur er samansafn undirbúningsnámskeiða á netinu, fyrir verðandi nemendur í Flugakademíu Keilis. Þar er á sama hátt reynt markvisst að kenna það efni sem nemendur skortir helst í undirbúningi fyrir námið. Flug grunnur býður upp á undirbúningsnámskeið í:

- Ensku fyrir flugmenn
- Ensku fyrir flugvirkja
- Eðlisfræði
- Stærðfræði

Hlaðborð

Á Hlaðborðinu eru í boði einingabærir áfangar sem miðast við Aðalnámskrá framhaldsskólanna. Hlaðborðið er aðallega hugsað fyrir nemendur sem ekki uppfylla forkröfur til þess að komast í einkaþjálfun, fótaaðgerðarfræði, Háskólabrú eða flugnám. Þegar Hlaðborðið fór af stað í apríl 2018 voru sex áfangar í boði en sex nýir áfangar bættust við á árinu 2019. Samsetning áfanganna er í höndum kennara sem stýra þeim sömuleiðis, fyrir utan einn áfanga. Sú þróun hefur átt sér stað eftir að Hlaðborðið fór af stað að mun fleiri nemendur sem sækja um nám í öllum deildum Keilis og vantar inntökuskilyrði í það nám taka Hlaðborðið og skila sér svo áfram í nám hjá Keili. Verkefnastýra Hlaðborðsins er Linda Björk Pálmadóttir.

Í lok ársins voru tólf áfangar í boði í Hlaðborðinu - opnum áföngunum á framhaldsskólastigi í fjarnámi.

Áfangarnir sem í boði eru á Hlaðborðinu:

- Heilbrigðisfræði
- Inngangur að næringarfræði
- Inngangur að sálfræði
- Líffæra- og lífeðlisfræði 1
- Líffæra- og lífeðlisfræði 2
- Upplýsingalæsi á tölvur og sjúkraskrár

Áfangar sem bættust við á árinu 2019:

- Bókfærsla
- Eðlisfræði
- Enska
- Hagnýt stærðfræði
- Íslenska
- Sýklafræði

Keilir býður nú í fyrsta sinn upp á námskeið fyrir inntökupróf í læknisfræði.

Námskeið fyrir inntökupróf í læknisfræði

Keilir festi kaup á námskeiðinu inntökupróf.is vorið 2019 og hefur Menntasvið stýrt því. Þetta er námskeið fyrir nemendur sem stefna á inntökupróf í læknisfræði eða sjúkrapjálfun. Námskeiðið er byggt upp þannig að tveir kynningarfundir eru haldnir í september og október og þar fá nemendur kynningu frá nemendum í læknisfræði sem höfðu sótt námskeiðið árið áður og komist inn í læknisfræði. Í kynningunni fara læknanemarnir yfir hvernig gott er að undirbúa sig fyrir prófið og þeirra reynslu af undirbúningi. Gegn greiðslu staðfestingargjalds fá þátttakendur afhenta Biblíu inntökuprófsins sem starfsfólk Keilis og nemendur hafa tekið saman. Frá byrjun janúar eru svo haldnir 13 fyrirlestrar og stoðtímar á miðvikudögum með fyrirlesurum og stoðtímakennurum í eðlisfræði, stærðfræði, efnafræði og líffræði.

Í maí þegar nemendur hafa lokið prófum í framhaldsskólunum eru Boot Camp tímar þar sem er farin lokayfirferð í hverju fagi, eitt fag á dag og þá bætast við fleiri fög. Verkefnið hefur verið mikið unnið í teymisvinnu á Menntasviði, en Linda Björk Pálmadóttir ber ábyrgð á faglegu utanumhaldi og Skúli Freyr Brynjólfsson hefur haldið utan um samskipti við nemendur, skráningar og tæknivinnu.



**Anna María
Sigurðardóttir**
*forstöðumaður
Menntasviðs.*



8

MARKAÐS- OG ÞRÓUNARSVIÐ

Á markaðssviði er haldið utan um öll almenn markaðs- og kynningarmál Keilis, ásamt skipulagningu viðburða og kynninga á vegum skólans. Sviðið hefur heildarumsjón með öllu markaðs- og samskiptastarfi skólans og samhfæfir slíkt starf innan allra eininga skólans. Hlutverk markaðssviðs er að miðla upplýsingum til almennings, nemenda og hagsmunaðila um starfsemi Keilis, auk þess að efla og styðja ímynd skólans.

Meðal verkefna má nefna útgáfu á kynningarefni, námskynningar, vefmál, samskipti við fjölmiðla, umsjón með stærri viðburðum, ásamt mörgu öðru. Þá hélt sviðið einnig utan um hönnun og uppsetningu á nýju miðrými „Hjarta Keilis“ í aðalbyggingu skólans. Þar er nú tekið á móti gestum og haldnar almennar kynningar um námið og skólastarfið.

Alþjóðasvið heldur utan um samskipti skólans við erlendar menntastofnanir og veitir nemendum, kennurum og deildum

Á árinu 2019 var farið í þróunarvinnu fyrir nýtt stoðsvið Keilis undir heiti þróunar- og markaðsmála

Áherslan hefur færst frá því að byggja upp sterka ímynd Keilis yfir í þá einstaklinga sem hér hafa stundað nám.

Tveir nýir skólar bættust við námsframboð Keilis á árinu: Menntaskólinn á Ásbrú og Vinnuverndarskóli Íslands

Keilis ýmsa þjónustu varðandi alþjóðlegt samstarf. Hún sér einnig um umsóknir og utanumhald um erlenda og innlenda sjóði, samstarfsverkefni og kynningar erlendis.

Á árinu 2019 var farið í þróunarvinnu fyrir nýtt stoðsvið Keilis undir heiti Þróunar- og markaðsmála, en undir það munu falla markaðs- og kynningarmál, samskipti og almannatengsl, sókn og utanumhald í bæði innlenda sjóði og alþjóðleg verkefni, sem og þróunarstarf innan Keilis, svo sem nýjar námsleiðir, átaksverkefni, o.fl. Núverandi svið markaðs- og alþjóðamála mun falla inn undir þetta nýja svið.

Í lok ársins voru ráðnir inn tveir starfsmenn í hlutastarf til að sinna markaðstengdum málum. Þórunna Jónsdóttir, sem tók tímabundið að sér erlenda markaðssetningu fyrir Flugakademíu Keilis; og Berglind Sunna Bragadóttir, sem var ráðin inn tímabundið sem verkefnastjóri markaðs- og kynningarmála.

Markaðssvið Keilis

Á undanförunum árum höfum við fært okkur frá því að byggja upp sterka ímynd (Keilir) yfir í auglýsingar sem leggja áherslu á hvað þú getur orðið (námsframboð). Nú síðast hafa auglýsingar og myndefni lagt áherslu á þá einstaklinga sem hér hafa stundað nám (nemendurnir).

Á árinu 2019 héldum við áfram að segja frá sögum nemenda þannig að við birtumst sem persónulegur skóli sem hefur augljós áhrif á líf fólks. Að auki bentum við á hversu frábrugðin við erum öðrum skólum meðal annars með því að leggja áherslu á kennsluhætti, námsumhverfi, tækni, kennara, o.s.frv.

Tveir nýir skólar bættust við námsframboð Keilis á árinu: Menntaskólinn á Ásbrú og Vinnuverndarskóli Íslands. Þá bættist einnig við undirbúningsnámskeið fyrir inntökupróf í læknisfræði auk þess sem lögð var áhersla sýnileika Hlaðborðsáfangu Keilis.

Með nýju námsframboði þurfti að bæta inn töluvert af nýju efni á heimasíðu Keilis, setja upp nýjar deildarsíður, efla og bæta við samfélagsmiðla, hanna og setja upp prentað efni, auglýsingar, sem og annað kynningarefni.



Töluvert var um þátttöku á námskynningum, ráðstefnum og opnum upplýsingafundum á árinu.

Mikill fjöldi nemenda 9. og 10. bekkja af öllu landinu heimsóttu kynningarbása MÁ og Flugakademíunnar í Laugardalshöll.

Á annað hundrað stelpur tóku þátt í vinnustofu um tölvuleikjagerð MÁ.

Helstu kynningar og viðburðir á árinu

Talsverð áhersla var lögð á sýnileika. Farið var í heimsóknir í framhaldsskóla og grunnskóla (á Suðurnesjum), ásamt kynningarfundum á kaffihúsum og símenntunarmiðstöðvum. Þá stóð Keilir fyrir opnum kynningarfundum í húsnæði skólans ásamt því að taka þátt í fjölmörgum viðburðum víðsvegar um landið.

UTmessan 8. - 9. febrúar:

Settur var upp bás með kynningu á Menntaskólanum á Ásbrú á árlegri UT messu í Hörpu í byrjun febrúar.

Háskóladagurinn 2. mars:

Venju samkvæmt kynnti Keilir námsframboð skólans á Háskóladeginum í byrjun mars, en lögð var áhersla á að kynna Háskólabró og leiðsögunám í ævintýraferðamennsku.

Framhaldsskóladagarnir í Laugardalshöll 14. - 16. mars:

Keilir stóð fyrir kynningu á Menntaskólanum á Ásbrú og flugnámi í tveimur kynningarbásum á Framhaldsskóladögunum um miðjan mars. Viðburðurinn er haldinn annað hvert ár fyrir nemendur 9. og 10. bekkja landsins.



Midgard 2019:

Menntaskólinn á Ásbrú hélt úti öflugum kynningarstarfi á Midgard 2019 hátíðinni í Kórnum um miðjan september.

Stelpur og tækni í HR í apríl:

Á annað hundrað stelpur úr fjórum grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í vinnustofu um tölvuleikjagerð sem Menntaskólinn á Ásbrú stóð fyrir á viðburðinum „Stelpur og tækni“ sem var haldinn í sjötta sinn í Háskólanum í Reykjavík þann 22. maí síðastliðinn.

Menntaskólinn á Ásbrú stóð fyrir kynningum fyrir 10. bekki allra grunnskóla á Suðurnesjunum og Hafnarfirði.



Grunnskólakynningar:

Menntaskólinn á Ásbrú stóð fyrir kynningum fyrir 10. bekki allra grunnskóla á Suðurnesjunum og Hafnarfirði.

Framhaldsskólakynningar:

Námskynningar fóru fram í á öðrum tug framhaldsskóla um allt land, bæði sem fyrirlestrar fyrir nemendur á lokaári auk opinna kynninga fyrir nemendur skólans.

Námskynningar fóru fram í flestum framhaldsskólum landsins.

Opnar kynningar:

Kynningarfundir voru einnig haldnir víðsvegar um landið í samstarfi við Símenntunarmiðstöðvar svo sem á Akranesi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum. Þá tók Keilir þátt í starfamessum bæði á Suðurlandi og á Suðurnesjunum.

Opin hús:

Markaðssvið stóð fyrir opnu húsi í Menntaskólanum á Ásbrú í byrjun apríl og í Flugakademíunni bæði á Ásbrú og í Hafnarfirði. Þá var opin kynning á flugnámi á vegum Keilis í starfsstöð skólans á Sauðárkróki í byrjun mars. Þá voru kennsluvélar Keilis til sýnis á Flugdeginum í byrjun júní auk þess sem starfsfólk sviðsins svaraði spurningum gesta.

Framleiðsla á efni og birtingar auglýsinga

GameEdu er tveggja ára samstarfsverkefni skóla frá fjórum Evrópulöndum um nám í tölvuleikjagerð á framhaldsskólastigi.

Dregið hefur verið úr ýmsu prentuðu efni á vegum Keilis, bæði bæklingum og prentauglýsingum. Framleidd voru tvö ljósaskilti sem nýtt eru við kynningar á Menntaskólanum á Ásbrú og flugnámi, auk þess sem bogaveggur var uppfærður í kjölfar breytinga á námsframboði.

Helsta tímabil fyrir birtingar auglýsinga var frá mars til júní 2019, og var fyrst og fremst lögð áhersla á auglýsingar á vefmiðlum og í útvarpi. Dregið var úr stórum auglýsingum í prentmiðlum, fyrir utan reglulegar auglýsingar í landshlutablöðum svo sem Víkurfréttum. Ein sjónvarpsauglýsing var birt fyrir Keili í tengslum við Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í maí. Þá var lögð sérstök áhersla á auglýsingar fyrir Flugakademíu Keilis meðal annars með auglýsingum í útvarpi og kvikmyndahúsum.

Branding profile fyrir sameinaða skóla KAA og FÍ

Vorið 2019 var farið í ítarlega vinnu við hönnun á ímynd fyrir sameinaða skóla Flugakademíu Keilis og Flugskóla Íslands. Leitað var til tveggja auglýsingastofa varðandi mögulega breytingu á heiti Flugakademíu Keilis eftir kaupin á Flugskóla Íslands, og óskað eftir heildstæðum tillögum að nýju brandi. Þessi vinna lá fyrir í lok mars, en ekki var unnið áfram með þetta að ósk forstöðumanns Flugakademíunnar.

Fréttir og fréttamiðlun

Talsvert var af stórum og frétt næmum viðburðum á árinu svo sem kaup á Flugskóla Íslands, nýr framkvæmdastjóri og nýtt námsframboð. Sendar voru út á annan tug fréttatilkynninga auk þess sem vel yfir eitthundrað fréttir voru skrifaðar fyrir heimasíðu Keilis.

Keilir heldur úti samfélagsmiðlum fyrir einstakar deildir og námsframboð, þar á meðal eru sjö facebooksíður, fimm Instagramsíður og þrjár twittersíður.



Alþjóða- og þróunarsvið

Keilir hefur á undanförunum árum sótt í fjölmarga innlenda og erlenda styrktarsjóði og tekur skólinn reglulega þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum á vegum Nordplus, Erasmus+ og EEA.

GameEdu er tveggja ára samstarfsverkefni skóla frá fjórum Evrópulöndum um nám í tölvuleikjagerð á framhaldsskólastigi og í starfsmenntun. Verkefnið er styrkt af Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins og eru samstarfsaðilar Keilis, skólarnir Yrgo í Svíþjóð, Dania í Danmörku og Grafisch Lyceum Utrecht í Hollandi.

GameEdu er tveggja ára samstarfsverkefni skóla frá fjórum Evrópulöndum um nám í tölvuleikjagerð á framhaldsskólastigi og í starfsmenntun. Verkefnið er styrkt af Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins og eru samstarfsaðilar Keilis, skólarnir Yrgo í Svíþjóð, Dania í Danmörku og Grafisch Lyceum Utrecht í Hollandi.

Markmiðið með verkefninu er að efla samstarf milli landanna og deila góðum starfsvenjum þegar kemur að þróun markaðssetningu og eflingu leikjagerðarnáms. Í samstarfsverkefninu sem hófst haustið 2018 og munu skólarnir vinna að sameiginlegum markmiðum og þróa nýjar kennsluáferðir fyrir leikjagerðarnám í löndunum, auk þess sem sérstök áhersla verður

Keilir tekur nú virkan þátt á ný í Reykjanes UNESCO Global Geopark.

Keilir hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til að greina fræðslu- og menntunarþörf fólks af erlendu bergi brotnu.

Áframhaldandi vinna að auknu samstarfi við Thompson Rivers University í Kanada.



Arnbjörn Ólafsson
forstöðumaður markaðs- og þróunarsviðs

lögð á að jafna kynjahlutföll í náminu. Á meðan á verkefninu stendur verða kynntar áherslur í leikjagerðarnámi og meðal leikjagerðarfyrirtækja í samstarfslöndunum.

Á árinu voru haldnar tvennar vinnubúðir fyrir kennara í tölvuleikjanámi þar sem skipst var á góðum starfsvenjum og skoðuð samlegðaráhrif sem varða kennslu, þróun námsgagna og fyrirkomulag námsins.

Þátttaka á EGN2019 á Spáni

Fulltrúar Keilis tóku þátt í árlegum fundi og ráðstefnu evrópskra jarðvanga í Sevilla í september. Þar var lögð áhersla á virka þátttöku í menntahóp jarðvanganna og koma að stefnumörkun fyrir næstu ár innan jarðvanganna sem snýr að skólum, námskeiðum, endurmenntun, þjálfun og menntatengdum verkefnum. Forstöðumaður markaðs- og þróunarsviðs tók sæti í stjórn Reykjanes UNESCO Global Geopark.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Í lok ársins hlaut Keilir styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til að greina fræðslu- og menntunarþörf fólks af erlendu bergi brotnu á svæðinu ásamt því að vinna námsúrræði fyrir markhópin. Markmið verkefnisins verður að þróa og kynna menntaúrræði fyrir einstaklinga sem eru af erlendu bergi brotnu (nýbúar og innflytjendur) sem eru bæði á og utan vinnumarkaðarins.

Þróunarstarf með Thompson Rivers University

Dr. Douglas Booth, deildarforseti ævintýraleiðsögunáms og ferðaþjónustu við Thompson Rivers University (TRU) í Kanada, fundaði í nóvember með forsvarsmönnum Keilis um samstarf skólanna. Á fundinum var ákveðið að setja saman áætlun um sértæk þróunarverkefni sem snúa gagngert að auknu samstarfi menntastofnananna með áherslu á fyrrgreind atriði. Þá hefur TRU áhuga á að auka enn frekar samstarf við Keili með áherslu á nýtt námsframboð, meðal annars í ferðaþjónustu, viðburðastjórnun innan afþreyingarferðamennsku, námsframboði í fjarnámi svo sem einkaþjálfun, ásamt sjálfbærni og vistvænni ferðaþjónustu. Á fundi með bæjarstjóra Reykjanesbæjar var enn fremur lögð áhersla á samstarfsmöguleika í fræðslutengdri ferðaþjónustu ásamt þróun á tækifærum til útikennslu.



9

FJÁRMÁLA-, HÚSNÆÐIS- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ


Fjármála-, húsnæðis- og þjónustusvið er stærsta stoðdeild Keilissamstæðunnar. Deildin sér um fjármál samstæðunnar, þar með talið fjármögnun, bókhald, útgáfu reikninga og innheimtu, áætlanagerð, mánaðarlega eftirfylgni áætlana í samstarfi við forstöðumenn, undirbúning fjárhagsupplýsinga fyrir stjórnir Keilis og dótturfélaga þess, útgáfu innkaupabeiðna, starfsmannahald, starfsmannasamninga og launagreiðslur, umsýslu útleigu Keilisgarða (stúdentagarða),

skjalavistun og persónuvernd, rekstur mötuneytis Keilis, afgreiðslu og símsvörun.

Í deildinni störfuðu um 10 manns í 7,25 stöðugildum sem var fækkun frá fyrra ári.


Breytingar voru gerðar á starfsmannahaldi á árinu og Magnús Björgvin Jóhannesson var ráðinn sem sviðsstjóri fjármálasviðs

Starfsfólk Keilis




● Fastráðnir
● Verktakar

Starfsfólk KAA/FÍ



● Fastráðnir
● Verktakar

Heildarfjöldi starfsfólks



● Fastráðnir
● Verktakar

í byrjun ágúst. Á sama tíma breyttist starfsheiti Ástu Gunnarsdóttur í rekstrarstjóra.

Árið hefur einkennst af miklum breytingum og fjárhagslegum áskorunum meðal annars vegna taprekstrar undanfarinna ára og kaupum Keili Aviation Academy (KAA) á Flugskóla Íslands (FÍ) sem íþyngt hefur rekstrinum. Þessu til viðbótar hefur ytra umhverfi flugakademíunnar orðið fyrir verulegum áhrifum vegna falls Wow flugfélagsins og erfiðleika í MAX 8 flugvélum Icelandair. Undirbúningur að sameiningu KAA og FÍ og fjárhagslegum samruna var jafnframt áskorun en FÍ var rekið sem sjálfstætt félag til enda ársins. Flugvirkjabúðir (FVB) voru seldar á árinu til Tækniskóla Íslands.

Skipulag

Deildin sér um umsýslu fjárhags og starfsmannamála fyrir Keilissamstæðuna sem inniheldur m.a.:

- Keili ehf, kt. 500507-0550, móðurfélag samstæðunnar
- Keili Aviation Academy ehf, kt. 671108-0190
- Flugskóla Íslands ehf, kt. 601217-0900
- Fasteignafélagið Keili ehf, kt. 450115-0100
- F.L.Y. ehf, kt. 650614-0540
- Flugklúbb HJ ehf, kt. 640615-0360
- Orkurannsóknir ehf, kt. 470110-0900
- Keili FVB ehf, kt. 591211-1290 (selt á árinu)
- Inntökupróf ehf, kt. 700419-0370

Rekstur félaga 5-9 var óverulegur eða enginn á árinu.

Starfsmannahald

Minniháttar breytingar urðu í starfsmannahaldi Keilis á árinu. Meðaltal fastráðinna starfsmanna hjá Keili árið 2019 var um 42. Þar við bætist að hjá félaginu störfuðu einnig um 28 verktakar í hlutastörfum í lok árs.

Meðaltal fastráðinna starfsmanna í flugakademíunni var um 22 en einnig störfuðu um 13 verktakar hjá fluginu í lok árs.

Heildarfjöldi alls starfsfólks að meðaltali sem þáði greiðslu fyrir störf sín hjá Keilissamstæðunni árið 2019 var því um 105 manns.

Tekjur

Tekjur Keilis móðurfélags koma einkum frá ríkinu í formi styrkja fyrir útskrifaða nemendur, nemendagjöldum og einnig af þjónustutekjum vegna ýmissa námskeiða og útleigu á húsnæði. Tekjur Keilis móðurfélags voru 542 milljónir á árinu og drógust saman frá fyrra ári um 12%, sem skýrist af minni ásókn í fótaaðgerðarfræði og netnám einkapjálfa. Minni tekjur urðu einnig af Inntökuprófi fyrir læknanám en gert var ráð fyrir í áætlunum. Nám vegna


Tekjur Keilis móðurfélags voru 542 milljónir á árinu og drógust saman frá fyrra ári um 12%

gagnavers hófst ekki á árinu líkt og áætlað var og skilaði því ekki tekjum. Einnig fór áhrifa af flutningi tæknifræðináms að gæta strax í upphafi árs 2019.

Tekjur flugakademíunnar koma frá flugnemendum bæði fyrir bóklegt og verklegt nám, ásamt lítilsháttar styrk frá ríkinu, við það bætist tegundar þjálfun flugmanna sem sinnt hefur verið af Flugskóla Íslands, dótturfélagi Keilis Aviation Academy (KAA). Þrátt fyrir neikvæð ytri áhrif m.a. vegna vandamála sem upp komu í rekstrarumhverfi flugfélaganna jukust heildartekjur flugakademíunnar frá fyrra ári sem einkum skýrist af kaupum KAA á Flugskóla Íslands. Samanlagðar tekjur flugakademíunnar (KAA og FÍ) voru 996 milljónir króna og jukust á árinu um 69% einkum vegna kaupa á FÍ eins og áður sagði. Tekjur KAA móðurfélags jukust lítillega eða um 3%.

Tekjur Keilissamstæðunnar (samanlagðar tekjur Keilis, flugakademíunnar og annarra dótturfélaga) voru því samtals 1.478 milljónir alls sem er um 29% aukning frá fyrra ári.

Rekstrartekjur 2019.



Gjöld

Laun, launatengd gjöld og aðkeypt þjónusta var samtals um 374 milljónir og minnkuðu um 4% frá fyrra ári.


Hjá Keili móðurfélagi voru laun, launatengd gjöld og aðkeypt þjónusta samtals um 374 milljónir og drógust saman um 4% frá fyrra ári. Skýringin felst í því að annars vegar fækkaði starfsmönnum vegna brotthvarfs tæknifræðináms en aukning var vegna nýrrar námsbrautar Menntaskólans Ásbrúar. Annar rekstrarkostnaður var 220 milljónir og jókst um 77% frá fyrra ári, sem skýrist einkum af því að í upphafi árs hóf félagið að greiða dótturfélagi sínu leigu vegna Grænásbrautar 910 annars vegar og hins vegar vegna leigu Keilis á húsnæði fyrir Keilisgarða, samanlögð aukning nam um 99 milljónum króna. Einnig vegna samningsbundinna launahækkana starfsmanna, starfsmannabreytinga s.s. vegna launagreiðslna til tveggja framkvæmdastjóra á tímabilinu, aukins kostnaðar vegna Menntaskólans á Ásbrú s.s. vegna markaðssetningar, tækjakaupa og uppfærslu á húsnæði. Heildargjöld ársins hjá Keili móðurfélagi voru 594 milljónir og jukust um 16% frá fyrra ári.

Samanlögð gjöld flugakademíunnar (KAA og FÍ) voru 910 milljónir króna og jukust um 55% frá fyrra ári.

Gjöld flugakademíunnar eru einkum laun, launatengd gjöld, aðkeypt kennsla, rekstur flugvéla og annar rekstrarkostnaður. Samanlögð gjöld flugakademíunnar (KAA og FÍ) voru 910 milljónir króna og jukust um 55% frá fyrra ári, sem skýrist af þeirri viðbót sem fylgir rekstri FÍ. Gjöld KAA voru 595 milljónir króna og hækkuðu um 2% frá fyrra ári.


Heildargjöld Keilissamstæðunnar á árinu voru 1.423 milljónir og jukust um 35% frá fyrra ári.

Áætlaðar rekstrarkostnaður deilda 2019




Rekstrarkostnaður 2019.

Tekjur og gjöld Keilis móðurfélags



Tekjur og gjöld Keilis móðurfélags.

Tekjur og gjöld Keilissamstæðunnar



Tekjur og gjöld
Keilissamstæðunnar.

Rekstrartap fyrir
afskriftir og fjármagnsliði
(EBITDA) hjá Keili
móðurfélagi var 51 milljón
króna. Hagnaður
félagsins dróst því saman
um 151% frá fyrra ári.

Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði - EBITDA


Rekstrartap fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) hjá Keili móðurfélagi nam 51 milljón króna. Hagnaður félagsins dróst því saman um 151% frá fyrra ári sem skýrist einkum af því að söluhagnaður húsnæðis féll til árið 2018 en að honum frádregnum þá var tap á félaginu það ár sem nam um 18.3 milljónum króna. Skýringarnar felast einkum í minni tekjum í Íþróttakademíu, vegna gagnaversnáms og í Inntökuprófi fyrir læknánám eins og fram kom hér að ofan og rekstur mótuneytis skilaði tapi á árinu vegna minni aðsóknar en gert var ráð fyrir. Rekstrargjöld jukust á árinu því í upphafi árs hóf félagið að greiða dótturfélagi sínu leigu vegna Grænásbrautar 910. Einnig vegna samningsbundinna launahækkana starfsmanna, starfsmannabreytinga s.s. vegna launagreiðslna til tveggja framkvæmdastjóra á tímabilinu, aukins kostnaðar vegna Menntaskólans Ásbrú s.s. vegna markaðssetningar, tækjakaupa og uppfærslu á húsnæði fyrir MÁ. Við brottflutning tæknifræðináms frá skólanum minnkuðu tekjur skólans og gjöld einnig. Áhrifa þess gætti strax í upphafi árs 2019.

Samanlagður rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) hjá flugakademíunni (KAA og FÍ) var 86 milljónir króna, sem er aukning um 2.188%, sem er veruleg aukning frá fyrra ári. Skýring á auknum rekstrarhagnaði milli ára liggur í rekstrarerfiðleikum félagsins árið áður (2018) vegna kyrrsetningar flugvéla. Einnig jukust tekjur verulega á árinu vegna áhrifa af kaupum á FÍ. Þó gjöldin hafi eðlilega aukist, eða um 62%, vegna reksturs á FÍ dótturfélagi KAA þá jukust gjöldin hlutfallslega minna og hagkvæmni stærðarinnar kemur hér fram.

Rekstrarhagnaður Keilissamstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 54 milljónir og dróst saman um 39% frá fyrra ári.


Rekstrarhagnaður (tap) Keilis móðurfélags án áhrifa dótturfélaga

Rekstrarhagnaður (tap)
Keilis móðurfélags án
áhrifa dótturfélaga.



Rekstrartap Keilissamstæðunnar

Rekstrartap
Keilissamstæðunnar.



Eignir

Eignir Keilis móðurfélags voru 648 milljónir króna í lok árs og jukust um 97% frá fyrra ári.


Eignir Keilis móðurfélags voru 648 milljónir króna í lok árs og jukust um 97% frá fyrra ári.

Samanlagðar eignir flugakademíunnar voru 1.099 milljón krónur og jukust um 30% frá fyrra ári. Aukningin skýrist fyrst og fremst af aukningu í viðskiptavild sem kemur með kaupum á FÍ. Rekstrarfjármunir og birgðir KAA rýrnuðu á árinu en viðskiptakröfur og kröfur á tengda aðila jukust.

Eignir Keilissamstæðunnar í lok árs voru um 1.969 milljónir króna og jukust um 53% frá fyrra ári.


Eignir Keilis móðurfélags.

Eignir Keilis móðurfélags



Eignir Keilissamstæðunnar.

Eignir Keilissamstæðunnar



Skuldir Keilis móðurfélags voru 192 milljónir króna í lok árs og jukust um 74% frá fyrra ári.

Skuldir


Skuldir Keilis móðurfélags voru 192 milljónir króna í lok árs og jukust um 74% frá fyrra ári. Aukningin var einkum í skammtíma viðskiptaskuldum sem hækkuðu um 20 milljónir milli ára og skammtímaskuldum við lánastofnanir sem jukust um 32 milljónir króna frá fyrra ári. Einnig hækkuðu langtímaskuldir við lánastofnanir um 20 milljónir króna milli ára.

Samanlagðar skuldir flugakademíunnar voru 1.142 milljónir króna sem er aukning um 39% frá fyrra ári. Skuldaaukningin er einkum vegna aukinna viðskiptaskulda sem jukust um 86 milljónir króna milli ára, auknum skuldum við lánastofnanir sem jukust um 30 milljónir og aukningu í næsta árs afborgunum. Samanlagðar skuldir vegna fyrirframinnheimtra tekna minnkuðu óverulega. Athyglisvert er að fyrirframinnheimtar tekjur KAA, án tillits til áhrifa af FÍ, lækkuðu um 7% á árinu.

Heildarskuldir Keilissamstæðunnar voru um 1.558 milljónir króna í lok árs og jukust um 46% frá fyrra ári.


Skuldir og skuldbindingar Keilis móðurfélags.

Skuldir og skuldbindingar Keilis móðurfélags




Skuldir og skuldbindingar Keilissamstæðunnar.

Skuldir og skuldbindingar Keilissamstæðunnar




Eignir og skuldir Keilis móðurfélags.

Eignir og skuldir Keilis móðurfélags



Eignir og skuldir Keilis Keilissamstæðunnar

Nýting skólahúsnæðisins á síðasta ári var um 63%.




Húsnæðismál

Keilir leigir allt skólahúsnæðið að Grænásbraut 910 af Fasteignafélagi Keilis. Húsnæðið er um 5.507 fermetrar að stærð. Nýting húsnæðisins síðasta ár var um 63%. Aukning undanfarinna ára í fjarnámi á kostnað staðnáms á Háskólabrú hefur dregið úr þörfinni fyrir slíka stærð af húsnæði. Árið 2015 voru um 102 nemendur í staðnámi en árið 2019 voru þeir 30 sem er um 70% fækkun. Allt bendir til að staðnámsnemendur haust 2020 verði enn færri en árið áður.

Keilir leigir tvær blokkir á Ásbrú af Heimavöllum á langtímaleigusamningi.

Þróun fjarnáms gagnvart staðnámi Háskólabrúar



Á móti kemur að nýr bekkur er væntanlegur í Menntaskólann á Ásbrú næsta haust sem fjölga mun staðnemendum um 40-45.

Keilisgarðar

Í lok árs 2018 skrifaði Keilir undir leigusamning við Heimavelli um leigu á tveimur blokkum á Ásbrú, byggingu nr. 741 og 746, sem uppsegjanlegur er fyrst 2023 og þá með 6 mánaða fyrirvara. 2019 var fyrsta fulla starfsár þessa samnings. Keilir endurleigir húsnæðið til nemenda. Fjöldi íbúða í blokk 741 eru 44 og fjöldi íbúða í blokk 746 er 44. Nýting á vorönn var um 86% og nýting á haustönn var örlítið minni eða 76%.

Engar breytingar urðu á fjölda íbúða sem nemendum stendur til boða á Keilisgördum á árinu.



Magnús Björgvin Jóhannesson
sviðsstjóri Fjármálasviðs



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs